



Rannsaði persónueinkenni ofbeldismanna



Fjárglæfamaður siglir undir fölsku flaggi á sölusíðum



YFIRHEYRSLAN

7. FEBRÚAR 2020 / 6. TBL. 110. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DRV

David Óskar Ólafsson



„ÉG VAR ÆNG KONA Á MJÖG PÓLÍTÍSKUM TÍMUM“

- Átti fimm börn en lét það ekki hafa áhrif á ferilinn
- Sýni mesta umhyggju með harðri gagnrýni



„EF EKKERT VERÐUR GERT ÞÁ MUN ÉG MISSA BARNIÐ MITT“



„Ég var einu sinni algjör hálfviti“


Fagnar fertugsafmæli og ellefu árum edrú

PROLAN PROTECTIVE LANCUN

Bílaryðvörn
Sími 861 7237

Opnunartilboð!
Fyrstu 50 fá bílaryðvörn á 86.000 kr.

Hjá Smára Hólm



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Fleyg orð

„Mikilvægustu dagar lífs þíns eru tveir; annars vegar dagurinn sem þú fæðist og hins vegar dagurinn þar sem þú finnur þína leið í lífinu.“

– Mark Twain

Á þessum degi, 7. febrúar



1882 – Síðasti hnefaleikabardaginn í þungavigt án hanska fór fram í Mississippi.




1914 – Charlie Chaplin birtist í fyrsta sinn sem litli flækingurinn.



1940 – Bandaríska teiknimyndin Gosi var frumsýnd.



1964 – Bítlarnir komu fyrst til Bandaríkjanna.



1985 – „New York, New York“ varð opinber söngur New York-borgar.

Fjármagn og kórónaveiran aðskilja Svanberg frá stóru ástinni

■ Svanberg óskar eftir náungakærleika fólks ■ „Þetta er vont á hjartað“


Að búa á Íslandi er rándýrt og fyrir suma er næstum því ómögulegt að safna peningum. Með hverjum mánuði dvínar vonin mín,“ segir Svanberg Rúnar Lárússon, sjálfskipaður draumóramaður á fertugsaldri sem búsettur er á Vestfjörðum, en hann hefur leitað til hópsöfnunar á vefnum GoFundMe í von um að „fólk sem trúir á ástina“ geti veitt honum aðstoð.

Svanberg er í öngum sínum vegna kærustu sinnar, sem búsett er á Filippseyjum og í ljósi útbreiðslu kórónaveirunnar óttast hann að örlögin muni stífa þeim í sundur. Ekki bæta umræður um eldgos úr skák, en þau hafa verið í fjarsambandi í nokkur ár og óskar Svanberg eftir fjárhagsaðstoð fólks svo hann geti flogið út til Filippseyja, til kærustunnar og veitt henni aðstoð eða verið við hennar hlið ef útbreiðsla veirunnar eykst.

Að sögn Svanbergs kynntist hann stóru ástinni í heimalandi hennar. Til stóð að flytja til hennar fyrir tveimur árum, en það var ekki gerlegt vegna óviðráðanlegra aðstæðna, eins og hann sjálfur orðar það. „Mínar helstu áhyggjur núna eru þær að veiran hafi áhrif á flugumferð og að aðstæður verði orðnar erfiðari þegar eða ef ég næ loksins að spara,“ segir Svanberg.

„Þetta er vont á hjartað og mig langar fátt meira en að fljúga út til hennar, vera hjá henni og sjá hana brosa á ný undir fjórum augum. Hún er annar helmingur sálar minnar. Svo einfalt er það.“

Svanberg neitaði að tjá sig um starfsvettvang sinn eða nafn konunnar. Enn sem komið er hefur ekkert fjármagn safnast á vefnum en hann neitar að gefa upp vonina. ■



5 frægir sem lentu í netniðingum

Netniðingar eru því miður algengari en halda mætti og oft er sagt að einstaklingur sé ekki búinn að „meika það“ fyrr en óprúttinn aðili stelar nafni viðkomandi. Á tækniöld fer svona auðvitað mest fram á samfélagsmiðlum og samskiptaforritum, en þessir Íslendingar eiga allir það sameiginlegt að hafa brugðið við þegar nafn þeirra var farið að spyrjast út á vafasaman veg.

Eftirsóttur að venju

Snemma árs 2018 var stofnaður aðgangur á stefnumótasiðunni Tinder í nafni Rúriks Gíslasonar knattspyrnumanns, en einnig var stofnaður Instagram-reikningur í hans nafni. Rúrik tók tíðindunum ekki vel og kærði atvikið á þeim forsendum að það væri brot á fríðhelgi einkalífs hans.



Ekki hinsegin

Áhrifavaldurinn Sunneva Einarsson leit rétti misskilning fyrir á árinu þegar óprúttinn einstaklingur sagði hana vera lesbísku. Á stefnumótasíðunni HER var birt mynd af henni á fólkskum aðgangi þar sem Sunneva var sögð heita Anna, en HER er einmitt stefnumótasíðin fyrir hinsegin konur.

Bubbi í bobba

Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens hefur í tvö ár leitað réttar síns vegna falsreiknings í hans nafni á Instagram. Bubbi leitaði til lögreglu, tölvusérfræðinga og lögfræðinga en enginn virðist geta hjálpað honum hvað þetta varðar.



Ekki Aron

Dag einn kom Björgvin Páll Gústavsson landsliðsmarkvörður auga á kunnuglegt andlit á Tinder. Hann ákvað þó að slá á léttu strengi þegar hann greindi frá svikahraðnum, sem gekk undir nafninu Aron, og bað hann notendur um að vinsamlegast tilkynna sig.

Kunni ekki íslensku

Nýverið var stofnaður Twitter-aðgangur í nafni Hildar Guðnadóttur tónskálds. Á þessum aðgangi hafði umsjónarmaður hans samband við ýmsa fylgjendur og þótti sumum skjóta skökku við að eigandinn kynni ekki íslensku. Þegar Hildur tilkynnti svikin spratt upp annar aðgangur, sem nú er búið að loka.



-FEBRÚAR-

TRÍÓ

ÞESSAR ÞRIJÁR ERU NÚ Á SJÓÐHEITU TILBOÐSVERÐI!



TILBOÐS-PIZZUR!

SKINKA, ANANAS, BEIKONKURL OG AUKAOSTUR



BAHAMAS

SVEPPIR, SPINAT, DÖBLUR, RAUÐLAUKUR, RJÓMAOSTUR OG SVARTUR PIPAR



BAZAAR

PEPPERONI, SKINKA, JALAPENO, SVEPPIR, HVÍTLAUKUR, RJÓMAOSTUR OG SVARTUR PIPAR



SURPRISE



HEIM

STÓR -PIZZA-


PANTAÐ Á NETINU EÐA MEÐ APPINU OG GREITT FYRIRFRAM



EIN STÓR PIZZA Á

1.790 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIRFRAM OG SÆKIR



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

Hver er hann?



■ Hann er fæddur í janúar árið 1961.

■ Hann var einn af stofnendum og útgefendum Nyhedsavisen sem gefið var út í Danmörku.

■ Hann var einn af stofnendum vikublaðanna Eintaks og Morgunpóstsins.

■ Hann gegndi störfum sem framkvæmdastjóri SÁÁ um tíma.

■ Árið 2017 stofnaði hann nýjan íslenskan stjórnmálaflokk.

SVAR: GUNNAR SMÁRÍEGILSSON

Það er staðreynd að...



Leikarinn Johnny Depp var með bráðaofnæmi fyrir súkkuladí á yngri árum.



Dalmatíuhundar fæðast án bletta.



Stærsti nýrnasteinn í sögu læknávisindanna vó 6,3 kíló.



Ian Fleming, höfundur bókanna um James Bond, skaut upp kollinum í aðeins einni kvikmynd um njósnarann, *From Russia with Love*.



Það eru fleiri kjúklingar á jörðinni en mannfólk.



Ísland eldist og er í fjórða sæti Norðurlanda í lífsgæðum

Fæðingartíðni í sögulegu lágmarki ■ Andleg heilsa yfir meðaltali

Fæðingartíðni hefur náð nýjum lægðum á Íslandi, í Noregi og Finnlandi, þrátt fyrir að Norðurlöndin stíti af einu besta fæðingarorlofskerfi í heiminum, einkum hvað viðkemur feðrum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu um stöðu Norðurlanda sem var gefin út í vikunni á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Útlit er fyrir að samfélög á Norðurlöndunum haldi áfram að eldast á næstu árum. Í skýrslunni kemur fram að nú þurfi Norðurlöndin að horfast í augu við þessa stöðu og skipuleggja sig eftir henni. Meðal þess sem Norðurlöndin ættu að taka tillit til er að styðja við lýðheilsu eldri borgara og skapa hagfelldari búsetuádstæður og -umhverfi. Til dæmis með því að styrkja búsetuúrræði, almenningsamgöngur og umhverfisskipulag svo það henti betur eldri samfélagsþegnum.

Fæðingartíðni á Íslandi hefur minnkað úr 2,2 börnum á hverja konu, eins og var árið 2009, niður í 1,7. Eins hefur meðalaldur kvenna sem eiga sitt fyrsta barn hækkað.

Númer fjögur í lífsgæðum

Í skýrslunni kemur einnig fram að Ísland sé í fjórða sæti Norðurlandanna þegar kemur að lífsgæðum. Lífsgæðin eru mæld í skýrslu



Íslenska þjóðin verður eldri

unni með kvarða sem miðar við þrjá þætti; lífslíkur frá fæðingu, þekkingu mælda í lengd skólagöngu og lífsgæðum út frá vergri landsframleiðslu.

Ísland kemur vel út þegar kemur að andlegri heilsu. Þar erum við undir Evrópumeðaltali, en 16,7% Íslendinga eru talin glíma við andlega kvilla á meðan meðaltalið í Evrópu er 17,3%.

Um 78% Íslendinga á aldrinum 25-64 ára hafa lokið námi umfram skólaskyldu. En

það er töluvert yfir Evrópumeðaltalinu sem er 67,1%. Erum við þó í neðsta sæti hinna Norðurlandanna sem öll eru með yfir 80 prósent.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda jókst á Íslandi á árunum 1990-2017, það sama á við um Noreg. Á öðrum Norðurlöndum dró úr losun. Er þetta talið skýrast af gasiðnaði í Noregi og áliðnaðinum á Íslandi. ■

Salurinn hálfullur



Svarthöfði

Svarthöfði hefur gjarnan gaman af því að sækja kvikmyndahús. Með tilkomu og upprisu streymisveitna og sífellt stærri eða flottari búnadar í heimastofnum hefur stór hluti almennings fært rök fyrir því að upplifun kvikmynda á hinu merka hvíta tjaldi – í fullum sal með ókunnugu fólk – sé gjörningur sem fljótlega muni heyra sögunni til. Þetta þykir Svarthöfði miður og er umræðan um mikilvægi bíóupplifunar þörf sem aldrei fyrir í ljósi hótana um að bola út starfsemi stofnunar eins og Bíós Paradísar.

Vegna jakkafatamanna og peningagræðgi var nýlega tilkynnt um uppsprengt leiguverð fyrir húsnæðið sem hýst hefur kvikmyndahúsið. Mót máli breiddust út á samfélagsmið-

um og þykir menningarfólki það vera gróft merki um ragnarök, ef framboð kvikmyndahúsa muni í framtíðinni einskorðast við Disney-endurgerðir, ofurhetju-skrípó eða framhaldsmyndir á færribandi. Svarthöfði þarf þó stöðugt að gæta orða sinna varðandi risann Disney því hann tilheyrir veldinu.

Paradísarmissirinn yrði þó óneitanlega gífurlegur skellur fyrir unnendur góðra, alþjóðlegra og fjölbreyttra lista. Starfsemin sem þetta kvikmyndahús hefur tileinkað sér hefur gefið ýmsum kvikmyndafræðinimum og almennt yngri kynslóðinni tækifæri til að sjá sigild verk á þann máta sem ætlað var.

Eins og áður hefur verið bent á hafa ótalmargir íslenskir kvikmyndagerðarmenn stigið sín fyrstu skref í þessu húsi og afhjúpað byrjendaverk sín, en flötur fyrir stuttmyndahátíðir og



annars konar tilraunasemi hefur verið merkilega takmarkaður utan þessarar Paradísar. Því þarf að heimta hana aftur.

Ýmsu hefur verið varpað fram um framtíð þessarar starfsemin. Meira að segja Minjastofnun Íslands hefur sýnt því áhuga að vernda húsið, sem þykir æðli merkilegt þar sem húsið telst ekki einu sinni til fornra bygginga, enda lauk byggingu þess árið 1977 (á fæðingarári Svarthöfða nota bene). Með réttu ætti sú stofnun frekar að skipta sér af torfhúsum og leyfa hinu að

hafa sinn gang. Hver veit nema nískupúkarnir með peningatöskurnar sigrist á þeirri freistingu að breyta menningarfyribæri í enn eitt hótelið, áfengisverslun, bílastæði eða lundabúð.

Lausnin er þó til, en baráttan listamanna við peningamenn hefur sennilega verið til frá örófi alda – og yfirleitt sigra þeir sem meira mega missa. Vonum að menningargersemin og hugsjónin hafi yfirhöndina að þessu sinni. Svarthöfði kys frekar að sjá salinn sem hálfullan frekar en hálfótman. ■



Fagleg og heildstæð Þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu og brotamálminum þínum með umhverfsvænum hætti

M MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Við kaupum brotamálm

Millberry Kopar/Eir



ISK 400 á kg.

Brotajárn



ISK 4 á kg.

Kopar/Eir



ISK 380 á kg.

Brass/Messing



ISK 260 á kg.

Brons



ISK 280 á kg.

Kaplar



ISK 45 á kg.

Ryðfritt stál



ISK 70 á kg.

Ál



ISK 65 á kg.

Bly



ISK 80 á kg.

Zink



ISK 50 á kg.

Brotamálmur
þungur í bræðslu



ISK 4 á kg.

Rafmótorar



ISK 35 á kg.

Offset prentplötur úr áli



ISK 80 á kg.

Tungsten



ISK 400 á kg.

Brotastál



ISK 5 á kg.

Stálstrengir



ISK 7 á kg.

Spennubreytar



ISK 35 á kg.

Hvarfakútar



Leitið tilboða

M MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Stangarhylur 7 110 Reykjavík Sími: 5199819
info@malma.is www.malma.is

Margdæmdur fjársvikari heldur uppteknum hætti

■ Gunnar Rúnar Gunnarsson hefur margsinnis verið dæmdur fyrir fjársvik og kynferðisbrot ■ Siglir undir fölsku flaggi á sölusíðum ■ Fjölmargir í sárnum

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Hann mun aldrei hætta. Það er alveg á hreinu. Það eina sem mun leiða til þess að hann hætti er ef fólk hættir að taka mark á því sem hann segir,“ segir Alexander Freyr Sigurðsson Joensen, en hann er einn af þeim sem segjast hafa farið illa út úr viðskiptum sínum við Gunnar Rúnar Gunnarsson. Gunnar Rúnar hefur margsinnis verið dæmdur fyrir fjársvik og kynferðisbrot og hefur DV fjallar ítarlega um brot hans undanfarin ár. Hann hlaut síðast fangelsisdóm árið 2018, fyrir brot á skattalögum en virðist nú halda uppteknum hætti, með því að skrá sig undir öðru nafni á sölusíðunni Bland.is. Þar hefur hann meðal annars boðið fólk að leigja iðnaðarhúsnæði. Gunnar Rúnar hefur greint frá því fyrir dómi að hann hafi verið metinn greindarskertur.

Margdæmdur fyrir ýmis brot

Gunnar Rúnar Gunnarsson hét áður Gunnar Finnur Egilsson. Sakaferill hans nær aftur til ársins 1995.

Árið 2015 kom Gunnar Rúnar við sögu í fréttaskýringaþættinum Brestum en þátturinn fjallaði um kennitölulakk. Var Gunnar

“Hann er lygari og svikari sem hefur stundað svona viðskipti í meira en 30 ár

þar titlaður sem „útfararstjóri“, en þar er átt við þann sem leppar einkahlutafélög sem eru á leið í þrot, gegn greiðslu, og kemur þannig fyrri eigendum félaganna frá því að nafn þeirra verði tengt við gjaldþrotið.

Þá hefur Gunnar Rúnar einnig hlotið dóma fyrir kynferðisbrot. Árið 2007 var hann dæmdur í þriggja og hálfis árs fangelsi fyrir að nauðga andlega veikri stúlku, á meðan hún lá veik uppi í rúmi. Hann hafði þá tvisvar áður verið dæmdur fyrir að brjóta kynferðislega á tveimur þrettán ára stúlkum, fyrra brotið átti sér stað 2001 og það seinna árið 2003.

Árið 2016 var hann, ásamt þremur öðrum, hnepptur í gæsluvarðhald í tengslum við 50 milljóna króna peningþvætti sem komst upp hjá fjármálastofnun vegna óeðlilegrar millifærslu, en málið var umfangsmikið og teygði anga sína til þriggja heimsálfa, Afríku, Evrópu og Asíu.

Þá var seinast greint frá því árið 2018 að Gunnar Rúnar hefði verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum, en brotin áttu sér stað þegar hann starfaði sem framkvæmdastjóri tveggja félaga, Listflísar og 36 ehf. Fyrir dómi sagðist Gunnar hafa verið svokallaður útfararstjóri yfir 36. ehf., en hét því fram að hann hefði ekki „vitað hvað hann væri að gera á tímabili“ því að hann hefði verið metinn greindarskertur.

Undir fölsku flaggi

Alexander Freyr Sigurðsson Joensen er, sem fyrr segir, einn af þeim sem segjast farið illa út úr viðskiptum sínum við Gunnar Rúnar.

Í samtali við DV segist Alexander hafa komist í kynni við Gunnar Rúnar í gegnum sölusíðu Bland.is í desember síðastliðnum. Segist hann hafa selt Gunnari



Rúnari bíl í gegnum síðuna, en Gunnar Rúnar hafi skráð sig inn á síðuna undir öðru nafni, Finnur Oddur Sigurðsson. Alexander segist hafa selt Gunnari Rúnar bílinn á 200 þúsund krónur og samþykkt að selja honum bílinn á afborgunum, þremur samtals.

„Hann sagði mér að hann hétu Finnur Oddur. Þess vegna ég gat ekki gúglað glæpi hans áður en ég gerði við hann samning um afborganir á bílnum. Hann bauð mér fyrst bíl í skiptum, bíl sem hann átti ekki. Ég sagði nei, og hann seldi þá stelpu þann bíl. Stuttu seinna var hún handtekin á bílnum af því að raunverulegur eigandi hans var þá búinn að tilkynna stuldinn.“

Alexander segist sjálfur hafa þurft að greiða 50 þúsund krónur fyrir skoðun á bílnum. Hann segir Gunnar Rúnar hafa greitt helminginn af því sem hann skuldaði, 100 þúsund krónur, og síðan lofað að restin myndi skila sér þann 10. desember. Það gerðist aldrei. Alexander segist hafa gripið til örprifaræðs að lokum og þann 24. janúar síðastliðinn birti hann færslu á Facebook-síðu sinni ásamt mynd af Gunnari Rúnar. Í færslunni varar Alexander fólk við að eiga viðskipti við Gunnar Rúnar.


„Hann er lygari og svikari sem hefur stundað svona viðskipti í meira en 30 ár samkvæmt heimildarmanni sem ég lofaði að vera nafnlaus,“ ritar Alexander meðal annars í færslunni.

Færslan stendur ennþá, og hafa yfir 300 manns deilt henni áfram. Þá hafa fjölmargir tjáð sig á samfélagsmiðlinum og greint frá sambærilegri reynslu af viðskiptum við Gunnar Rúnar.

Óttast um börnin sín

Í samtali við DV segist Alexander enn biða eftir greiðslunni frá Gunnari Rúnar. „Hann er núna farinn að fá menn til þess að tala við mig og hvetja mig til þess að taka færsluna niður. Þekktu ofbeldismenn og ákærða fyrir

January 24 at 8:38 PM · **VIDVÖRUN!!!!**
Þessi aumingi gengur undir nafninu Rúnar, sveik af mér 200.000 krónur. Keypti bílinn minn og ég eins og ég er, treysti á það góða í fólk leyfði honum að fá bílinn í þremur afborgunum og hann borgaði mér 100.000 þar sem ég þurfti að þunga út 50.000 kalli sjálfur í hans skoðun á bílnum og hann er búinn að segjast ætla að borga mér aftur 10. Desember, ég er ennþá að biða...
Ég lofaði honum að þetta færi á netið og ég stend við það.
Tek fram að það sem er að honum á myndunum er ekki eftir mig.
Hann er lygari og svikari sem hefur stundað svona viðskipti í meira en 30 ár samkvæmt heimildarmanni sem ég lofaði að vera nafnlaus.
Hann hótaði að kærna mig fyrir þennan status vegna Persónuverndar en ég segi FUCK THAT, þú skuldar mér pening ræfill og þú sleppur ekkert bara af því þú ert aumingi og getur ekki staðið við þitt.
Hann á fyrirtæki sem heitir Verkhús Verktafi kt. 4310121690 Síminn hans er 6552589
Gunnar Rúnar Gunnarsson notar facebook undir nafninu Finnur Oddur Sigurðsson sem mér skilst að sé vinur hans.
Jæja Rúnar, ég stend við mitt, þú fékkst meira en mánud í frest Gjörðu svo vel.
Endilega deila þessu svo fólk sé ekki að fara að stunda viðskipti við svona langar að segja mann en bara get það ekki.
Ræfill!



meira en bara ofbeldi. Núna vill hann bara eiga samskipti við konuna mína en ekki mig, þannig að ég veit ekki alveg hvað hann ætlar sér núna á næstu dögum.“

Alexander kveðst einnig hafa áhyggjur af börnum sínum, því Gunnar Rúnar hefur áður verið dæmdur fyrir brot gegn börnum. Alexander segir lögregluna lítið geta gert í málinu þar sem lítið sé á það sem „einkamál“.

Alexander segir lögræðing á vegum Gunnars Rúnar hafa haft samband við sig og beðið sig um að „gera aðrar ráðstafanir varðandi að rukka hann“.

„Ég ákvað að gera þetta eins löglega og ég gat með því að vara fólk við honum og fyrirtækinu hans.“

Þá segir Alexander að fjöldi fólks hafi haft samband við hann eftir að hann vakti athygli á málinu, og margir hafi þakkað honum fyrir viðvörðunina.

„Einn sem hafði samband á inni hjá honum 700.000 krónur. Annar á inni hjá honum 500.000. Þá var einn sem hafði samband og sagðist hafa verið að vinna hjá fyrirtæki sem á inni fimm milljónir hjá Gunnari. Ég átti gott spjall við einn þeirra í síma og við vorum sammála um að Gunnar sé rosalega klókur einstaklingur þegar kemur að svona hlutum. En á sama tíma er hann algjör vitleysingur, af því að hann er alltaf gómaður að lokum.“ ■

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA

20-50%

AFSLÁTTUR

Í VERSLUN OKKAR

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

LAUGAVEGI

62

REYKJAVIK
RAINCOATS

Costa del Sol

Frábær fjölskyldugisting!

Globales Playa

ESTEPONA ★★★★★

ALLT INNIFALIÐ!

Verð frá kr.
96.995



Verð frá kr.

128.295



BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

HELSTU KOSTIR

- ✓ FJÖLSKYLDUFJÖR
- ✓ VATNSRENNIBRAUT
- ✓ LOFTKÆLING
- ✓ VIÐ STRÖNDINA

Verð m.v. 27. ágúst í 7 nætur

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

 **Heimsferðir**
-fáðu meira út úr frínu

Sandkorn



Kröfuspjöld á lofti Eflingarfolk hefur verið áberandi í fréttum undanfarið.

Skapandi skaphundur

Sigríður Á. Andersen hefur ekki mikla trú á því að yfirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu komist að annarri niðurstöðu en undirdeild dómstólsins í Landsréttarmálinu. Hefur hún gengið svo langt að efast um að málsmeðferðin verði yfir höfuð réttlát enda hafi dómstóllinn gengið nokkuð langt í að seilast yfir á valdsvið aðildarríkjanna. Dómstóllinn beiti því sem kallist skapandi lögskýring sem þýði að hann túlka stöðugt samninginn með nýjum og nýjum hætti. Slík lögskýring kallast einnig breytileg lögskýring og felst í því að dómstólar geti túlkað ákvæði laga með nýjum hætti ef tíðarandinn kallar eftir því. Svona eins og skapandi skipun Sigríðar á dómurum við Landsrétt, þar sem hún túlkaði tíðarandann með þeim hætti að hún gæti vikið frá lögbundnu verklagi við skipun dómara til að koma fleiri konum að, þar sem tíðarandinn kallaði eftir því.

Ég þekki barn

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Ég þekki barn. Barn sem, rétt eins og öll önnur börn, kom í heiminn án fyrirfram ákveðinna hugmynda um hvernig það yrði. Sem sá ekki líti, stétt eða stöðu. Barn sem smælaði framan í heiminn og vonaði að heimurinn gerði slíkt hið sama.

Ég þekki barn. Barn sem fæddist í arma yndislegri foreldra. Barn sem var boðið innilega velkomið í heiminn. Barn sem var knúsað og kysst, klætt og fætt. Barn sem var gefið nafn, gefið húsaskjól, gefin hlýja.

Ég þekki barn. Barn sem óx úr grasi. Allt í einu hætti heimurinn að smæla framan í það. Hlján, kossarnir og knúsin voru á bak og burt. Í staðinn kom hávaði, ofbeldi, grimmd. Afengi, partí og

rugl. Barn sem lifði skyndilega við ótta og óryggi. Vissi ekki hvort yrði kvöldmatur þann daginn. Vissi ekki hvort það fengi kvöld sögu fyrir svefninn. Vissi ekki hvort það yrði kysst góða nótt.

Ég þekki barn. Barn sem var sent inn í herbergi þegar að partíið fór úr böndum. Látíð dúsa þar á meðan lögreglumennirnir þrifu upp blóðið á eldhúsgólfinu. Síðan hleypt út þegar öll ummerki ofbeldis gærkvöldsins voru horfin. Hvar voru mamma og pabbi núna? Þau komu heim aðeins seinna og létu eins og ekkert hefði í skorist. Keyptu íburðarmiklar gjafir og elduðu sparimat. Allt var með kyrrum kjörum í smá stund.

Ég þekki barn. Barn sem faldi sig undir rúmi og verndaði yngri systkini sín á meðan foreldrarnir rifust. Á meðan foreldrarnir slógust. Sussaði á yngri systkinin

og hélt fyrir augu þeirra. Vonaði að þau sæju ekki. Vonaði að þau heyru ekki. Vonaði að þau fyndu ekki fyrir agnarsmáu blóðdropunum sem lentu á dúnmjúkum vanganum, líkt og regndropinn sem fellur svo þunglamalega til jarðar og splundrast í þúsund agnir.

Ég þekki barn. Barn sem var lamið af foreldrum sínum. Barn sem var úthúðað. Látíð líða eins og það væri einskis virði. Barn sem var hrætt um líf sitt. Barn sem var oft nær dauða en lífi.

Ég þekki barn. Barn sem samfélagið sneri baki við. Horfði í hina áttina. Var alveg sama.

Ég þekki barn sem varð að fullorðnum einstaklingi. Barn sem hætti að smæla því það var nokkuð ljóst að heimurinn myndi aldrei endurgjalda það. Barn sem var fullt af reiði. Stútfullt af öllum brostnum loforðunum. Fullt af glötuðum draumum og þrám. Barn sem skuldaði samfélaginu ekkert. Barn sem óx úr grasi og hætti að vera hrætt um líf sitt. Var bara alveg skítsama um hvort það

myndi lifa eða deyja. Skítsama um allt.

Þetta barn er bara eitt barn af þúsundum barna sem lifa við óboðlegar og hættulegar heimilis- aðstæður, sem gengur þvert gegn Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og allri heilbrigðri skynsemi. Þessi börn tynast í kerfinu. Þessi mál eru of erfið til að tala um eða gera nokkuð í. Þess vegna horfum við bara í hina áttina og leyfum börnunum að tynast. Í staðinn er barist með kjafti og klóm fyrir því að hreinsa Ríkið með lögmannaher fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Mannréttindadómstól. Í staðinn er milljónum eytt í Bragga, Mathallir, hjólastíga, pálmattré. Í staðinn eru greiddar út himinháar starfslokagreiddslur. Veittur skattafláttur. Lækkuð veiðigjöld.

Forgangsröðunin er bogin, nánast brotin. Ég held að við sjáum það öll, því ef ég þekki þetta barn þá þekkir þú eitt líka. Ekki loka augunum fyrir því. Ekki horfa í hina áttina. ■

Spurning vikunnar

Besta íslenska stuðlagið?



"„Can't Walk Away" með Hebba. Geggjað lag og á alltaf við."

Ingí Þór Bauer



"„Í fljótu bragði myndi ég segja „Eitt lag enn" með Stjórninni."

Kristín Anný Jónsdóttir



"„Ég kemst alltaf í geggjaðan gir þegar ég hlusta á SÍ Sí með Grýlunum."

Lovísa Tómasdóttir



"„Tvímælaust „Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig." Það taka allir undir það þegar lagið fer í spilun enda kemst engin með tærnar þar sem meistari Ragnar Bjarnason hefur hælana."

Valdimar Víðisson

iPhone viõgerõir



 **facebook.com/biladursimi**

 **7807459**

 **www.biladursimi.com**

„ALLT SEM ÉG GERI VIL ÉG GERA VEL“

- Hélt sínu striki samhliða uppeldi fimm barna
- Öllu er í dag drekkt í hávaða ■ Sýni mesta umhyggju með harðri gagnrýni



þó alveg sama hversu mikið við höfðum að gera við misstum aldrei út kvöldstund þar sem við lásum með börnunum. Þá áttum við rólega stund hvort sem við lásum eða sungum og maður taldi sér trú um að það kæmi að góðu gagni, þetta vanræktum við aldrei.“

Tvö barnanna hafa fetað sömu braut og foreldrarir og segist Þórhildur telja það jafn algengt og þegar börn í öðrum starfsstéttum feti sömu braut og þau alit upp við. „Sólveig hefur sagt að þetta hafi verið skortur á ímyndunarafl en Þorleifur stefndi sömuleiðis alltaf á að verða leikari. Hann, rétt eins og ég, komst þó fljótt að því að hann var sleipari í að fylgjast með öllu í kringum sig heldur en einbeita sér að sjálfum sér svo hann gerðist leikstjóri. Ég held að ég hefði ekkert orðið verri leikari en aðrir, en ég fann fljótt að það var ekki það sem mig langaði að gera. Ég hef alltaf verið svo upptekin af heildarmyndinni. Þorleifur er óumdeilanlega framúrstefnulegur leikstjóri, og það var ég líka á sínum tíma og því fylgja áhyggjur hann hefur upplifað að vera valinn besti leikstjóri Þýskalands yfir í að vera sallaður niður. Ég get þó ekki talað um verkin hans sem heild því ég hef verið mjög hrifin af sumu sem hann hefur gert, miður hrifin af öðru og beinlínis óánægð með annað. Oftast reyni ég að koma út og sjá verkin hans sem og Sólveigar og lengi vel fylgdist ég með Þorleifi á æfingum, en í dag hef ég sleppt af honum hendinni. Hann er farinn að ganga sjálfur, en ég fylgdist grannt með honum fyrstu árin og reyndi að styðja hann og kenna allt sem ég kunní.“

Fámennur fundur leiddi til kvennaframboðs


Þórhildur er óneitanlega í stórskotaliði íslenskra listakvenna enda hefur hún

barist ötullega fyrir jöfnum réttindum kynjanna, bæði á sviði sem og í samfélaginu öllu. Leið hennar í pólitík var þó talsvert tilviljunarkennd. „Ég var ung kona á mjög pólitískum tímum. Þarna var kalda stríðið í algleymingi og Vítamstríðið sem og baráttan gegn kjarnorkuvopnum. Hippahreyfingin hristi náttúrulega upp í fólki og leiddi mjög margt gott af sér eins og friðar- og umhverfishreyfingu og kvennahreyfinguna. Misrétti kynjanna hafði alltaf blundað í mér en eins og flestar ungar konur hélt ég að það væri einungis undir sjálfri mér komið – ef ég væri bara nógu dugleg og nógu eitthvað yrði engin mismunur, en svo rekur maður sig á að það er nákvæmlega þetta sem er að. Ungar konur myndu allar gefast upp fyrirfram ef þær viðurkenndu það strax, svo þess í stað telja þær sér trú um að þetta sé allt í lagi og þær þurfi bara að vera rosalega duglegar, þá reddist allt. Þannig hugsaði ég sjálf, en á þessum tíma voru líka að koma út bækur á borð við Kvengeldinginn og Second sex sem maður drakk í sig. Þessi bylting lá í tímanum og fullnægði einhverju hjá manni – eða öllu heldur æsti það upp.“

Þórhildur bjó á þessum tíma norður í landi en sótti fundi hjá Rauðsokkahreyfingunni þegar hún átti erindi í höfuðborgina. „Nokkrum árum eftir að ég flutti suður heyrði ég fyrir tilviljun af fundi í Norræna húsinu og ákvað í kjölfarið að mæta. Þetta reyndist heldur fámenur fundur sem síðar átti eftir að stækka og leiddi að lokum til kvennaframboðs og síðar kvennalista.“

Feðravelðismenningin er að eyðileggja heiminn

Spurð hvort pólitíkin sé harðari heimur en leikhúsið segir



„Það er gríðarlega erfitt starf að vera leikstjóri, bæði líkamlega og andlega, en áfram heldur kona“

Þórhildur allt snúast um hversu alvarlega fólk taki hlutunum. „Leikhúsið er harður húsbóndi en jafnframt örlátur. Ég hefði

ekki verið að sveitast blóðug í leikhúsi árum saman, því ekki eru launin að trekkja að. Það er gríðarlega erfitt starf að vera leikstjóri, bæði líkamlega og andlega, en áfram heldur kona enda er mikil gæfa að vinna við sköpun og þá skiptir ekki máli í hvaða fagi þú ert. Einungis það að fá að deila dögum með öðrum í sams konar sköpun eru stórkostleg forréttindi. Í Kvennalistanum var líka mikil sköpun, þar voru konur sem köstuðu frá sér öllum viðteknum hugmyndum og spurðu sig hvornig heimi viljum við búa í – það er gríðarlega skapandi. Á þessum tíma var ég að ala upp fimm börn samhliða því að setja upp að meðaltali fjórar leiksvínningar á ári og að vinna í stjórnmalaflokki – hvornig fór ég að þessu? Jú, af því sköpun gefur svo mikla orku. Það er ótrúlegt að upplifa hvað maður fær mikla orku úr skapandi orku, en þetta er eins og mylluhjól, vatnið kemur upp aftur og virkjust. Öðruvísi hefði þetta aldrei gengið – ef gleðin og sköpunin hefði ekki verið fyrir hendi. Í mínu tilfalli nærði leikhúsið kvennapólitíkina og öfugt. Auðvitað hafði ég alltaf haft einhverja femínísku sýn, en þarna varð hún miklu skýrari – og þótt það hafi farið fram hjá mörgum, hef ég alltaf horft með kvensinsglæraugum á öll verk. Ýmsir kollegar mínir hafa látið í ljós þá skoðun að þetta geti þrengr mitt sjónarhorn sem leikstjóra en engum dettur í

hug að þeirra karllægu skoðanir þrengr þeirra sjónarhorn. Ég þekki vel það sjónarhorn enda alin upp í því og samfélagið er þar ennþá, en ég bæti bara kvenlega sjónarhorninu við, svo ég myndi segja að ég hefði víðara sjónarhorn ef eitthvað er.“

Það er ekki hægt að segja það dans á rósum að vera kona í íslensku leikhúsi enda oft og tíðum talið hefðbundið karlasvið. Þórhildur tekur heilshugar undir það og staðfestir að karlar hafi í gegnum tíðina ráðið bæði yfir menningu, trúarbrögðum og samfélagsgerðinni allri. Konum hafi þó tekist með tímanum að rjúfa örlítið skarð á karlamúrinn. „Baráttan hefur auðvitað breyst og í dag eru konur sýnilegrar, fleiri sem mennta sig, fá stöður og gera sig gildandi á ýmsum sviðum.“

Lagaumhverfið hefur sömuleiðis breyst og öll umræða er opnari, en þetta er langtímaverkefni og menning feðravelðisins er það hættulegasta. Hún stendur nánast óhögguð. Feðravelðið er höfundur allra hugmynda sem samfélög byggja á hvort sem það eru trúarbrögð, hagfræðikenningar eða menningin, en hættulegasta og feitasta afkvæmið er óheftur kapitálsimi. Helsta stöð feðravelðisins er ofbeldi sem menn sýna hver öðrum sem og konum börnum og náttúrunni. Það eru þessar hugmyndir, þær verða að láta undan því annars eigum við enga von.“ ■

**ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
20-50%
AFSLÁTTUR
Í VERSLUN OKKAR**

**LAUGAVEGI
62**

**REYKJAVIK
RAINCOATS**

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

VILDARKORT



- FÁÐU MEIRA

Allir kaupendur og seljendur hjá Lind fasteignasölu

fá **VILDARKORT LINDAR**

sem veitir **30% AFSLÁTT**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



Fáðu framúrskarandi þjónustu og skráðu eignina þína á **FASTLIND.is**



LIND Fasteignasala
Uppspretta
ánægjulegra
viðskipta

HVAÐ ER MÁLIÐ MED ÖRORKUBÆTUR?

Of heyrast talað um örorkubætur, skerðingu á þeim og stöðu þeirra sem slíkar bætur þiggja. Hins vegar vita ekki alltaf allir nákvæmlega hvað felst í slíkum bóttum. Hvaða ólíku liðir teljast sem örorkulífeyrir? Hvað er króna á móti krónu og hvernig virkar skerðingin? DV tók saman nokkur gagnýt atriði um örorkulífeyri.

Hvað er örorkulífeyrir?

Samkvæmt upplýsingum á vef Tryggingastofnunar er örorkulífeyrir „ætlaður einstaklingum á aldrinum 18-67 ára sem geta ekki unnið fulla vinnu sökum skertrar starfsgetu. Sótt er um að fara í örorkumat þar sem færni er metin.“ Örorkumat fer fram á lækisfræðilegum forsendum og er yfirleitt tímabundið. Þetta felur í sér að á vissra ára fresti þurfa örorkulífeyrisþegar að fara í endurmat, vilji þeir halda lífeyrisgreiðslum sínum. Eftir að örorka er metin er hægt að sækja um afturvirkar greiðslur, allt að tvö ár aftur í tímann, en þá þarf að sýna fram á að þeir þættir sem örorkumat grundvallast á hafi verið til staðar á því tímabili.

Hvað felst í örorkulífeyri?

Örorkugreiðslur eru ekki ein föst krónutala sem gildir fyrir alla heldur eru þær samsettar úr ólíkum þáttum.

Fyrst ber að nefna tekjutrygginguna, sem er oft stærsti hluti örorkulífeyris. Óskert tekjutrygging er rúmlega 150 þúsund krónur á mánuði.

Næst er aldurstengd örorkuuppbót. Hún verður hæst um 50 þúsund krónur hjá þeim sem ungir eru fyrst metnir til örorku. Hún lækkar svo eftir því hve gamall öryrki er þegar hann fær fyrsta örorkumatíð.

Á móti aldurstengdu örorkuuppbótinni kemur framfærsluuppbót. Hún er hærri eftir því sem aldurstengda örorkuuppbótin er lægri.

Síðan er hinn eiginlegi örorkulífeyrir sem óskertur er um 48 þúsund á mánuði.

Viðbótargreiðslur

Ofan á þá tekjuliði sem greint er frá hér að framan geta komið viðbótargreiðslur sem taka mið af aðstæðum lífeyrisþegans.

Heimilisuppbót um 50 þúsund krónur á mánuði geta þeir öryrkjar fengið sem búa einir. Óskattskyldur barnalífeyrir, 34

þúsund á barn, greiðist til öryrkja með barn á framfæri.

Mæðra- og feðralaun greiðast til einstæðra foreldra sem eru með fleira en eitt barn á framfæri, 10.296 krónur vegna tveggja barna og 26.769 vegna þriggja barna eða fleiri.

Uppbót vegna rekstrar bifreiðar geta þeir örorkulífeyrisþegar fengið sem hafa gilt hreyfihömlunarmat og eiga bifreið. Uppbótin er óskattskyld og er óskert 17.180 krónur á mánuði.

Skerðingar á greiðslum

Ólíkir liðir örorkulífeyris skerðast með ólíkum hætti. Þekktasta skerðingarreglan nefnist króna á móti krónu skerðing en slík skerðing á við um framfærsluuppbótina. Króna á móti krónuskerðingin felur í sér að hver króna af tekjum lífeyrisþega skerðir framfærsluuppbótina um krónu. Þessi skerðingarregla hefur verið harðlega gagnrýnd og hefur Öryrkjabandalagið meðal annara kallað eftir því að framfærsluuppbótin verði afnumin sem sjálfstæður tekjuliður og færður inn í tekjutrygginguna. Henni var þó breytt til batnaðar á síðasta ári



og nemur nú skerðingin aðeins 65% af skattskyldum tekjum eða skerðingu um 65 áura á móti hverri krónu.

Tekjutryggingin skerðist með öðrum hætti. Öryrkjar hafa frítekjumark sem árið 2020 er 1.315.000 krónur fyrir allt árið ef um atvinnutekjur er að ræða og 328.000 krónur ef um greiðslur frá lífeyrissjóðum er að ræða. Fjármagnstekjur umfram 98.640 krónur skerða einnig. Tekjutryggingin er skert um 38 prósent af þeim tekjum sem fara umfram frítekjumarkið.

Örorkulífeyrir skerðist um 25 prósent þeirra tekna sem fara umfram frítekjumark.

Til að fá betri hugmynd um mismunandi skerðingu ólíkra tekjuliða er lesanda bent á reiknivélina á vefsíðu Tryggingastofnunar, t.is. Þar er einnig hægt að sjá áhrif þess að hafa atvinnutekjur samhliða töku örorkulífeyris. Til dæmis getur öryrki, sem býr einn með ekkert barn á framfæri, þénað 400.000 krónur á mánuði fyrir skatt úr atvinnu en engu að síður fengið 96.772 krónur í örorkulífeyri. Mikið hærri atvinnutekjur myndu þó hins vegar fella niður allan bótarétt.

Tekjuáætlun

Örorkulífeyrisþegar þurfa að skila inn tekjuáætlun til að fá örorkugreiðslur. Það er gífurlega mikilvægt að hafa þessa áætlun nákvæma og breyta henni ef aðstæður breytast. Öryrkjar hafa margir brennt sig á því að fá bakreikning vegna ofgreiddra bóta eftir að Tryggingastofnun fær upplýsingar frá skattinum. Þessu var breytt til batnaðar á síðasta ári þegar lögfest var að Tryggingastofnun geti skoðað tekjur hvers mánaðar fyrir sig, sem og heildartekjur á ári og

skuli miða við það sem skili hærri greiðslum til bótaþega.

Bílamál

Öryrkjar með hreyfihömlun gætu átt rétt á uppbót vegna rekstrar bifreiðar og jafnvel uppbót eða styrk vegna kaupar á bifreið. Hreyfihömlun þarf þá að skerða verulega færni einstaklings til að komast leiðar sinnar. Uppbót/ styrk vegna kaupar á bifreið má sækja um á fimm ára fresti. Uppbótin er 720.000 krónur fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu bifreið og 360.000 krónur fyrir þá sem áður hafa átt bifreið. Styrkurinn nemur 1.440.000 krónum og er hann veittur þegar þörf er að á að kaupa bifreið vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta. Ef kaupar þarf sérútbúna bifreið þá getur styrkur numið allt að 50-60 prósentum af kaupverði bifreiðarinnar, þó að hámarki fimm milljónir.

Annað sem gott er að vita

Öryrkjar borga ekki bifreiðagjöld. Þeir fá afslátt af lækisþjónustu, ýmiss konar sérfræðiþjónustu, geta fengið afslátt í kvikmyndahúsum, húsdýragarðinum og þar fram eftir götum. Einnig geta þeir fengið afslátt af fasteignagjöldum. Lesendur eru hvattir til að kynna sér vel afsláttarkjör sem bjóðast öryrkjum, enda bótagreiðslurnar ekkert fagnaðarefni og skerðingar miklar.

Öryrkjar í fangelsi

Greiðslur örorkulífeyris falla niður ef lífeyrisþegi fer í afplánun. Fangi getur þó sótt um ráðstöfunarfé til Tryggingastofnunar. Maki fangins lífeyrisþega getur fengið barnalífeyri greiddan til sín ef afplánun hefur varað í að minnsta kosti þrjú mánuði. ■

BANNER-UP STANDAR



**Ódýr
og einföld
leið til að
kynna
þína vöru.**



**Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is**



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkum máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.



MoReq2

Próunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúum þeirra

„Þetta er alls ekki ger væða ofbeldismenn, h

■ Skýrsla um líðan og upplifun þolenda heimilisofbeldis og persónuleikaeinkenni
persónueinkenni ■ Ofbeldismenn oft venjulegir, jakkafataklæddir Íslendingar

Erla Dóra
erladora@dv.is



Nýlega var gefin út skýrslan „Líðan og upplifun þolenda heimilisofbeldis og persónuleikaeinkenni ofbeldismanna“ sem Kvænnaathvarfið vann sem fræðsluefni til að nýta til stuðnings við þolendur heimilisofbeldis og aðstandendur þeirra. Alls bárust svör frá 326 konum. Af þeim höfðu 202 reynslu af ofbeldissambandi. Drífa Jónasdóttir, afbrotaræðingur og verkefnastýra hjá Kvænnaathvarfinu, vann rannsóknina og kynnti hana á málþingi Stígamáta í lok janúar.

Sama sagan

„Okkur hjá Kvænnaathvarfinu fannst við oft heyra sömu söguna frá þeim sem leita til Kvænnaathvarfsins,“ segir Drífa í samtali við DV. Hún segir þolendur heimilisofbeldis oft lýsa svipuðum einkennum ofbeldissambanda. Í byrjun sé allt frábært. Makar þeirra komi fram við þær sem drottningar, stilli þeim upp á stall og allt sé frábært. Síðan með tímanum fari gljáinn af sambandinu þegar ofbeldið hefst.

Stjórnsamir, afbrýðisamir og tortryggir

Drífa segir rannsóknina ekki miða að því að búa til einhvern einkennalista til að hjálpa fólki að greina ofbeldismenn í umhverfi sínu. „Þetta er alls ekki gert til þess að skrímslavæða ofbeldismenn, heldur þvert á móti.“ Það séu þó viss persónueinkenni sem komi oftast fyrir í frásögnum þolenda heimilisofbeldis en önnur. Þeirra á meðal er stjórnssemi, afbrýðisemi og tortryggni.

Þær konur sem ekki höfðu reynslu af ofbeldissambandi voru líklegri til að nefna önnur atriði undir liðnum „neikvæð atriði sem lýsa honum best.“ Þar voru nefnd persónueinkenni á borð við lítið sjálfs-traust, þrjúsku, óstundvísi og leti. „Þetta

Drífa Jónasdóttir,
afbrotaræðingur
og verkefnastýra hjá
Kvænnaathvarfinu



eru aðeins krúttlegri eiginleikar en að vera stjórnsamir og trylltur.“

Drífa bendir þó á að þessi listi yfir einkenni veiti enga leiðbeiningu við að bera kennsl á ofbeldismenn í samfélaginu, enda

geti menn verið tortryggir að eðlisfari en samt ekki ofbeldismenn.

Taka ekki ábyrgð á ofbeldinu

„Fólk tengir sig ekki við þetta því steríó-

Af hverju féllstu fyrir honum?

- Dæmi um svör þátttakenda sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi
- Hann sagði það sem ég vildi heyra og var heillandi
 - Hann var fyndinn, aðlaðandi og góður
 - Hann var vel lesinn og gagnrýnninn á samfélagið, vissi mikið um femínisma
 - Hann var opinn, brosmildur og ég var sú eina sem hann sá.
 - Vinsæll og góður, þegar við kynntumst. Mér fannst hann þurfa mig.
 - Skemmtilegur, vinsæll, hlýr, yfirvegaður.
 - Hann elti mig þar til ég gafst upp. Ég var viðkvæm fyrir.
 - Mjög gaman að vera með honum. Kom fram við mig eins og drottningu, sem var allt öðruvísi en ég var vön.
 - Ótrúlega skemmtilegur og góður við mig, í byrjun.

týpan af ofbeldismanni er eitthvert skrímsli. En raunveruleikinn er að þetta eru venjulegir, jakkafataklæddir karlmenn sem vinna í Borgartúninu, inni á leikskólum, eru stuðningsfulltrúar á geðsjúkrahúsum. Þetta eru alls konar menn.“

Í rannsókn sem gerð var á Íslandi kom á daginn að ofbeldismenn eru bara hinir venjulegu, hversdagslegu, íslensku karlmenn. „Kom í ljós að karlar sem eru gerendur ofbeldis og senda konur í kvænnaathvarfið, vinnan þeirra og menntun þeirra er nákvæmlega sú sama og fyrir meðalkarlmanninn á Íslandi. Þeir eru ekki minna eða meira menntaðir eða í verri félagslegri stöðu. Þetta er nákvæmlega eins. Þetta eru venjulegir menn sem sækja börnin sín í leikskólann og kaupa sér



EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500




Þú til þess að skrímsla- mældur þvert á móti“

Þú og þessi ofbeldismanna ■ Afbrýðisemi, tortryggni og stjórnsemi algeng

Dæmi um afsakanir ofbeldismanna fyrir ofbeldinu:

- Hann hefur ekki stjórn á sér
- Ég gerði hann reiðan
- „Þú ert svo leiðinleg“
- „Þú ert bara of viðkvæm“
- „Þú lést mig gera þetta“
- „Það var þér að kenna“
- Hann fékk svo slæmt uppeldi
- Allir eru svo vondir við hann
- Ég var að misskilja
- „Ef þú létir ekki svona“
- Hann elskaði mig svo mikið
- „Þú ert ekkert betri“
- Ég var geðveik
- Var fullur
- Hann var undir miklu álagi
- Hann missti stjórn á sér
- „Ég bara veit ekki hvað ég er sterkur“



Mynd 40. Liðan í byrjun og endi sambandsins – Ofbeldisreynsla – Ekki lengur með manningum.



sömu menn trýllast ekki í kringum vini sína, þegar þeim gengur illa í gólf. Þetta er svona valkvætt stjórnleysi. Ég veit um dæmi þess að lögregla var kölluð út í heimilisofbeldismáli þar sem fullt af eignum hafði verið eyðilagt þegar maður „missti stjórn á sér“, samt voru allir hlutirnir sem voru eyðilagðir hennar en ekki hans. Maðurinn gat því valið út tiltekna eitur og hlíf sínur eigin í meintu stjórnleysi. Þú kýlir ekki fólk í gagnaugað óvart. Ég hef aldrei lent í því að minnsta kosti.“

Purftu að ákveða sjálfar að fara

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort aðstandendur eða fagaðilar hefðu getað gert eitthvað til að stuðla að því að þær færu fyrir úr sambandinu. Voru þar margar konur sem greindu frá því að þær hefðu falið ofbeldið vel, þær hefðu farið í vörn ef ofbeldið var borið undir þær og á endanum hefðu þær sjálfar þurft að taka ákvörðun um að fara. Aðrar hins vegar bentu á að nærumhverfi þeirra hefði mátt benda þeim á aðstæður, bjóða fram stuðning og minna þær á að þær væru ekki geðveikar og ættu betra skilið. Drífa segir að dropinn holi svolítið steinninn í þessum málum. Þótt það sé ákvörðun þolandans að ganga út úr sambandinu þá geti aðstandendur sáð vissum fræjum með því að viðra áhyggjur sínar.

„Ég held að maður komist á þennan blessaða botn fyrir ef það er einhver að pexa aðeins í manni. Þá veit manneskjan líka að einhvern grunar eitthvað og það sé ekki bara hún sem sé með eitthvert of-sóknarbrjálæði.“

Vona að skýrslan geti frætt og hjálpað

Með útgáfu skýrslunnar vonar Drífa að þolandur og aðstandendur geti aflað sér upplýsinga um heimilisofbeldi. Skýrslan er sett fram á því sem Drífa vonar að sé aðgengilegt mannamál.

„Við reyndum að hafa hana á mannamáli, aðgengilega og auðlesna og vonandi fræðandi. Vonandi lesa hana einhverjir sem geta þá haft samband við athvarfið og fengið ráðgjöf um að stíga fyrstu skrefin til að koma sér út úr sambandinu.“

Kvennaathvarfið skýtur ekki bara skjóls-húsi yfir þolandur heimilisofbeldis þegar þeir flýja ofbeldið. „Eitt af hlutverkum athvarfsins er að fá fólk í ráðgjöf. Konur koma og eru að spyrja hvort þær séu í ofbeldissambandi. Þær eru kannski mjög hikandi, en fara svo að greina frá aðstæðum sem eru ekkert eðlilegar. Konum er alltaf í sjálfsvald sett hvað þær gera. En hingað geta þær komið og greint frá aðstæðum og fengið heildrænan stuðning og þá fyrst og fremst staðfestingu á ofbeldinu. Á vefsíðu Kvennaathvarfsins er hægt að nálgast mikið af upplýsingum á níu tungumálum. Svo sem um skilgreiningu á ofbeldi. Hvernig það sé að koma í viðtal. Það þarf ekki að koma með vegabréf og það þarf ekkert að greiða fyrir heimsóknina. Þarna er mikið af upplýsingum líka varðandi aðstæður þar sem börn eru í spilinu sem og útlitun á því hvað sé heilbriggt samband og hvað sé það ekki.“

Með þessari grein má líta súlurit og dæmi um svör þátttakenda við nokkrum spurningum. Skýrsluna má svo lesa í heild sinni á vefsíðu Kvennaathvarfsins. ■

Hvað myndir þú ráðleggja konum sem eru í ofbeldissambandi til að komast út úr því? -Dæmi um svör kvenna í rannsókninni.

- Segja frá.
- Leita í Kvennaathvarfið, finna samstöðu
- Tryggja líkamlegt öryggi. Rjúfðu einangrunina, segðu frá, lestu þér til, leitaðu til annara. Þú ert ekki geðveik.
- Ad það er betra að vera einn en að vera í ofbeldissambandi
- Það er honum að kenna en ekki þér ef hann beitir ofbeldi. Það er ekki hægt að hjálpa þeim sem vill ekki hjálp, það er ómögulegt fyrir þig að breyta honum. Þú þarft að stíga frá og vinna í þinni hamingju. Þú ert ekki búin að brenna allar brýr að baki, þú ert ekki ein
- Það er alltaf leið út. Taka fyrsta skrefið.
- Maður breytir ekki öðrum.
- Standa með sjálfum sér, þetta lagast aldrei. Aldrei líta til baka
- Undirbúðu þig vel. Jafnvel fara út úr bænum. Ekki hafa nein samskipti. Þú ert ekki ein, ekki skammast þín, fyrirgefðu sjálfri þér, þetta er ekki þér að kenna, þetta verður erfitt, þetta getur komið fyrir alla, þú átt stuðning, fáðu alla aðstoð, þú átt allt gott skilið (þó þér líði ekki þannig) þú getur þetta, þú getur farið og þú mátt það, þú skiptir mál
- Ekki týna sjálfri þér. Eins hefði ég viljað fá að vita það á skýrari hátt hve algengt er að menn noti hótanir um sjálfskaða til kúgunar
- Hélt ég gæti þetta ekki án hans, fjárhagslega. Kom reyndar í ljós að ég hef það miklu betra, meðal annars fjárhagslega, án hans.
- Ekkert er eins áhrifaríkt og höfnun, hann hafnaði mér stöðugt þannig að ég reyndi alltaf að vinna hann aftur og fá viðurkenninguna að einhver vill mig. Viðurkenningin síðan blindaði mig. Vinkonur mínar flúðu hann ekki, ég var mjög þrjósk en þegar þær hættu að ergja sig á „mínu vali“ þá fóru að renna á mig tvær grímur - þær höfðu rétt fyrir sér. Það var mjög erfitt að sætta sig við að þurfa að kyngja því. Mér fannst erfitt að stíga skrefið því hann beitti mig „bara“ andlegu og fjárhagslegu ofbeldi. En, ég var alltaf með litla rödd sem hvíslaði að ég ætti betra skilið. Líf með ofbeldismanni er svo ýkt og öfgafullt, þegar maður hættir með honum gæti komið tilfinning flatneskju og tótleika, litlaust og líflaust. Það er eðlileg tilfinning. Best er að segja vini eða ættingja frá hvernig manni líður, veldu bara einhvern sem þú treystir. Hlustaðu á þínar tilfinningar, hugsanir og treystu sjálfri þér.

kjötfars í Melabúðinni. Þetta eru ekki tattúveraðir handrukkarar af erlendum uppruna. Um 71 prósent af þeim karlmönnum sem sendu konur í kvennaathvarfið í fyrra eru íslenskir menn.“

Drífa segir það algengan misskilning að ofbeldismenn séu siðblindingjar sem séu haldnir alvarlegum geðveikum. Þvert á móti séu það hreinlega ekki nægilega margir karlmenn sem glími við slíka klíniska kvilla til að það geti svarað til fjölda þolenda heimilisofbeldis á Íslandi.

„Það er engan veginn að samsvara þeim 700 málum sem lögreglan fer með á ári, það voru 600 sem leituðu í Bjarkarhlíð á síðasta ári, það voru næstum því 300 konur sem komu í viðtal á Kvennaathvarfinu á síðasta ári, 150 sem komu í dvöl og 100 börn.“

Afsakanir til að sleppa við að taka ábyrgð á ofbeldinu

Þátttakendur í rannsókninni með reynslu af heimilisofbeldi greindu frá þeim afsökunum sem þeirra ofbeldismenn höfðu gefið fyrir ofbeldinu. Greindu þar margar konur frá áþekkingu afsökunum. Var þeim með einum eða öðrum hætti kennt um ofbeldið sem þær voru beittar, svo sem vegna þess að þær væru geðveikar, leiðinlegar, þær hafi beðið um þetta, þetta sé eina leiðin til að fá þær til að hlusta og þar fram eftir götum. Einnig hlupust ofbeldismenn undan ábyrgð með því að kenna streitu, álagi, uppeldi og áfengis- eða fíkniefnaneyslu um ofbeldið.

„Þarna er líka þessi þversögn. Ef ég kýli þig og segi svo: „Já, en þú ert svo óþolandi að ég bara réð ekki við mig. En ég lofa að gera þetta ekki aftur.“ Hvernig geta þeir lofað því að gera ekki eitthvað aftur, en á sama tíma neitað því að þetta hafi verið þeim að kenna? Og svo er það frásinn „að missa stjórn á sér“ sem mér er meinilla við. Þetta er ekki flogakast eða viðbrögð við raflosti eða þess konar. Annað er að taka ákvörðun um að gera eitthvað. Að taka upp stól og henda í konuna, eða halda henni niðri og setja hnéð í bringuna á henni eins og MMA-bardagaþróttamaður. Þessir



**Saunatunna
330 með palli**



GODDI:

Vantar ekki góðan, heitan pott eða sánaklefa á goðorðið þitt?

Smá- og heilsülufyrirtækið Goddi hefur þróast töluvert í árána rás frá því það var stofnað fyrir riflega hálfri öld. Tímarnir breytast og mennirnir með og í dag býður Goddi upp á vandað og fjölbreytt vöruúrval af rafmagnspottum, sánaklefum, gisti- og sánatunnum, sánavörum og mörgu fleira.

Goddi: Lítið goðorð

Fyrirtækið Goddi ehf. var stofnað sem umboðs- og heilsala árið 1967 af Haraldi Lýðssyni. Nafn fyrirtækisins er fengið úr Laxdælu, en þar er sagt frá Þórði godda sem bjó á Goddastöðum í Laxárdal. Orðið merkir (lítill) goðorðsmaður. Í dag stýrir sonur eigandans, Friðgeir Haraldsson, fyrirtækinu. „Upphaflega seldi Goddi aðallega húsgögn, áklæði, leður og leðurlíki en með tímanum hafa orðið breytingar í verslun og tækni. Enn þann dag í dag eru helstu vörflokkar Godda

áklæði, leður og leðurlíki. Þá bjóðum við upp á gott úrval af þessum vörum á lager en einnig getum við sérpantað nær hvað sem er fyrir viðskiptavinum okkar. Þess utan höfum við einnig verið að flytja inn og selja báta- og fólkabilakerrur og bjálkahús,” segir Friðgeir Haraldsson, eigandi Godda. Vöruúrvalið er stórglæsilegt og má skoða betur á vefsíðu fyrirtækisins, goddi.is.

Infrarauð sána fyrir heilsuna

Talsverð aukning hefur orðið í sölu á infra-rauðum sánaklefum, en klefarnir eru þekktir fyrir að hafa viðfeðm, jákvæð áhrif á líkama og heilsu þeirra sem nota þá reglulega. Infrarauðu geislarnir hreinsa húðina, geta stuðlað að lækkuðum blóðþrýstingi, brenna hitaæiningum, slá á verki í líkamanum og veita almenna vellíðan.

Það er fátt betra en að skella sér í funheita sánu á köldum vetrarkvöldum. Goddi býður upp á

úrval af sauna- og gistitunnum sem hafa vakið athygli, enda sérlega vönduð og falleg smíð. Tunurnar fást í ýmsum stærðum og er mögulegt að hita þær ýmist með raf- eða viðarkyntum ofnum.

Heit böð eru eitt af því sem hefur svo sannarlega haldið lífi í landanum í gegnum langa, kalda og dimma vetur. Goddi er með úrval af hitaveituskeljum í heita potta. Einnig ýmsar gerðir svo sem kringlóttar, ferkantaðar og áttkantaðar á frábæru verði, eða frá 150.000 kr.

Bjálkahús úr norskri furu

Við getum einnig útvegað bjálkasumar- eða heilsárshús, garðskála og fleira í nokkrum bjálkabyggtum. Húsin eru frá Astel Garden, einu elsta og vandaðasta framleiðslufyrirtæki timburhúsa á Balkanskaganum. Húsin eru mestmegnis framleidd úr norskri furu og er hægt að fá í ýmiss konar útfærslu, t.d. með eða án gólfs eftir

því hvort húsið fer á steypa plötu eða annað. Skoðuðu möguleikana á heimasíðunni goddi.is.


Goddi býður að auki upp á niðsterk og vönduð lok á potta. Lokin fást í fjórum stærðum og tveimur litum, brúnum og gráum. Þau eru tólf sentimetrar að þykkt með styrkingu og kosta 58.500 kr.

Stærðirnar eru:

200×200 sm.
208×208 sm.
213×213 sm.
220×220 sm.

Goddi ehf. Auðbrekku 19, 200 Kópavogur.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni goddi.is
Vanti frekari upplýsingar má senda fyrirspurn á netfangið goddi@goddi.is eða hringja í okkur í síma 544-5550 og 822-4150



KERRUR



INFRARAUÐUR KLEFI



POTTAR

Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum



LEÐURLÍKI OG LEÐUR



SAUNATUNNUR



ÁKLÆÐI

Infrared saunur ásamt viðarkyntum pottum



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum

■ Verð frá 58.500 kr.

Sjáðu úrvalið á

GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



„Ef ekkert verður gert þá mun ég missa barnið mitt“

■ Sonur Helgu glímir við þroskaþerðingu og mikla offitu ■ Hefur beðið eftir búsetuúrræði í fimm ár ■ Öll sund lokuð eftir 18 ára aldur

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Helga Skjoldal er móðir 22 ára manns sem hefur verið greindur með röskun á einhverfurófi, ADHD og þroskaþerðingu. Hann er einnig

í mikilli ofþyngd og vegur í dag 156 kíló. Eftir að hann varð 18 ára reyndist mun erfiðara en áður að útvega honum viðeigandi þjónustu og aðstoð hjá Kópavogsbæ. Hann hefur nú beðið í fimm ár eftir sérstöku búsetuúrræði.

Helga kveðst verulega áhyggjufull yfir heilsu og framtíð sonar síns auk þess sem hún er langþreytt eftir meira en tveggja áratuga baráttu við kerfið. Helga hefur sjálf glímt við heilsuþrest og segist hreinlega ekki vita hvað

verði um son hennar ef hún fellur frá eða verður skyndilega ófær um að sinna honum.

Parf stöðugt aðhald

„Á sumum sviðum er hann mjög nálægt aldri í þroska, sem sagt 22 ára, en á öðrum sviðum er hann töluvert á eftir og það þarf enn að minna hann á ýmsa einfalda hluti sem tilheyra daglegu lífi, eins og að fara í sturtu, bursta tennurnar og þrifa sig. Vegna einhverfunnar finnst honum mikið betra að tala og skrifa á ensku frekar en íslensku. Hann er ekki fær um að vinna á „venjulegum“ vinnustað“ eða eða sjá um sig algjörlega sjálfur. Hann hefur til dæmis ekki enn getu til þess að taka bílpróf og veit ég ekki hvort það muni nokkurn tímann gerast,“ segir Helga í samtali við DV.

Helga segir að þar til sonur hennar varð 18 ára hafi í raun gengið nokkuð vel að útvega honum þann stuðning sem hann þarf. Þegar hann varð sjálfráða varð róðurinn skyndilega mun þyngri. Árið 2015, þegar sonur Helgu var á átjándu ári, sótti hún um sérstakt búsetuúrræði fyrir hann. Planið var að hann flytti að heiman og á samþýli þar sem íbúar hafa sitt eigið rými með eldhúsi, stofu og svefnherbergi. Helga var sagt að biðtíminn væri venjulega þrjú til fjögur ár. Síðan eru liðin fimm ár liðin og ekkert búið að gerast. „Ég vissi mætavel að biðin yrði löng. En ekki svona löng. Mín mistök voru einna helst þau að vera ekki með frekju og minna ekki nógu mikið á okkur.“

Helga segir að þegar hún hafi farið að grennslast fyrir um svör hafi henni verið bent

á að sækja um almenna íbúð hjá Félagsþjónustunni, með sértækum stuðningi.

„Það er sniðið þannig að hann fær manneskju heim til sín, einu sinni á dag, til að hjálpa honum með þessi „basic“ atriði eða minna hann á þau, öllu heldur.“

Helga sótti um slíka íbúð á seinasta ári og það sama tók við, endalaus bið sem stendur enn.

„Ég hélt í sakleysi mínu að það hefði verið sótt um hana líka á sama tíma og hitt, en svo kom í ljós að svo var ekki, þannig að ég sótti um íbúðina í mars 2019. Þau sáu reyndar aumur á okkur eftir að ég sendi ráðgjafanum hans, félagsmálastjóra og bæjarstjóra Kópavogs skammarpóst. Þá settu þau umsókn hans frá 2015 í sama ferli, eða sem sagt eins og hann sé búinn að biða síðan þá líka í almenna kerfinu.“

Helga segist hafa stungið upp á að bærinn leigði íbúð af leigufélagi og áframleigja hana til sonarins. Henni hafi verið sagt að slíkt væri aldrei gert neins staðar. Hún segist engu að síður vita frá fyrstu hendi að gripið hafi verið til þessa ráðs í öðrum sveitarfélögum.

Hún bendir á að sonur hennar muni seint geta öðlast nokkurt sjálfstæði á meðan hann er neyddur til að búa hjá móður sinni. Sjálf kveðst hún vera orðin langþreytt. „Eins mikið og ég elska þennan strák, þá er ég bara búin að missa tókin á því sem hann þarf á að halda og það þarf hreinlega einhver fagaðili að taka við keflinu.“

Helga segist mæta því viðmóti

Framhald á síðu 22


HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is



„Hann vill bara vera heima og helst að borða“

hjá kerfinu að hún sé sjálfkrafa einhvers konar liðveisla í fullu starfi fyrir son sinn. Skilningsleysið sé algjört. „Það er bara eins og þetta sé allt í lagi, af því að ég get nú einu sinni hugsað um hann þá er þeim slétt sama.“

Enginn mannskapur

Ofan á allt annað hefur sonur Helgu glímt við offitu í fjölda ára og hafa fjölmörg úrræði verið reynd. Helga kveðst meðal annars hafa reynt að finna einkaþjálfara til að taka son hennar að sér. Það hafi hins vegar reynst þrautin þyngri að finna einhvern í það verkefni.

Helga segir að fyrir rúmu ári hafi hún sent beiðni á offituteymið á Reykjalundi fyrir son sinn. Henni hafi þá verið tjáð að ekki væri nægilegur mannskapur til að taka við honum. Þeim hafi hins vegar verið boðið upp á að næringaráðgjafinn fylgdist með syni hennar, í gegnum símtöl og hitti hann síðan eftir þrjá mánuði. Helga segist ekkert hafa heyrt í ráðgjafanum eftir það. Þá var þeim boðið að þjálfari myndi hringja í son Helgu dag-

lega og minna hann á að fara í göngutúr.

„Ég reyndi að segja honum að sonur minn myndi bara sleppa því að svara í símann, sem hann og auðvitað gerði og fór aldrei í neina göngutúra,“ segir Helga en hún kveðst hafa þrábeðið um að sonur hennar fengi manneskju með sér í þetta ferli, til að veita honum aðhald og stuðning. Sonur hennar er í dag 156 kíló.

„Hann vill bara vera heima og helst að borða, því það sem var vont í gær, getur verið alveg æðislegt í dag, þannig að það skiptir litlu máli hvað er til í skúffum og skápum, hann vill helst borða það allt saman,“ segir Helga en bætir við að sonur hennar hafi nýlega komist inn í prógramm á Heilsuborg, sem sé mikið gæfuspor. Þau binda vonir við að hann komist í hjáveituaðgerð í nánustu framtíð. Þá er hann einnig byrjaður að æfa box tvisvar í viku, í Hnefaleikastöðinni á Viðarhöfða. „Hann elskar það, en það tók ansi langan tíma að finna stöð sem vildi taka við honum og það má alveg þakka fyrir það.“

Helga segir nauðsynlegt að fjölga íbúðum í hverju sveitar-



félagi fyrir sig. Hún bendir jafnframt á galla í kerfinu sem snýr að flutningi á milli sveitarfélaga. Hún hefur ávallt leitað til Kópavogsbæjar varðandi þjónustu við soninn, og þar liggja fyrir þeir biðlistar sem nafn hans er á. Helga þarf fljótlega að flytja í nýtt sveitarfélag en sér ekki fram á að sonur hennar geti flutt með henni vegna þess að þá mun hann missa alla þjónustu hjá Kópavogsbæ og mál hans færast yfir til nýja sveitarfélagsins. Það þýðir að næstum fimm ára bið hefur verið til einskis. Helga segist því ekki sjá sér annað fært en að flytja son sinn yfir á annað lögheimili í Kópavogi, þar til hann fær íbúð.

Baráttan hefur tekið sinn toll

Helga hefur meira eða minna staðið ein í baráttunni fyrir son sinn. Og sú barátta hefur tekið sinn toll, líkamlega og andlega. „Satt að segja átti ég mér ekkert líf fyrstu átján árin hans. En ég fór svo að vinna hlutastarf, og geri enn, og það er sú vinna sem bjargar geðheilsu minni. Ef ég ætti að ná að ráða við eitthvað, þá þyrfti ég að vera heima allan sólarhringinn og hafa augu og eyru opin allan tímann, en ég er nú orðin 52 ára gömul og held að ég þurfi að hlúa meira að sjálfri mér, því ég er orðin heilsulítill og berst við alls kyns verki og fleira.“

Hega tekur fram að hún sé

engu að síður afar þakklát öllum þeim sem hafa sýnt vilja til að hjálpa syni hennar í gegnum tíðina. Því megi ekki gleyma. En eins og staðan er í dag þá óttast hún um son sinn, og hvernig honum muni reíða af í framtíðinni. Hún hefur sjálf glímt við heilsuþrest og segist margoft leiða hugann að því hvað verði um strákinn hennar ef hún fellur frá, eða verður ófær um að sinna honum. „Ef ekkert verður gert þá mun ég missa barnið mitt, ég er alveg sannfærð um það. Ég er vakin og sofin yfir honum og ef vel ætti að vera þá ætti ég að vera heima allan sólarhringinn.“ ■

LG OLED TV

100%
of 40 testing
members
recommend
buzzador LG 55" OLED C9



1 ★★★★★
World's Best Selling
OLED Brand

MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVÖRP

 **Heimilistæki**

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





LAGNIR OG LÓÐIR EHF:

Jarð-, lagna- og lóðavinna

Bjarni Ingvar Halldórsson, eigandi fyrirtækisins Lagnir og lóðir ehf., hefur gaman af vinnunni. Það kemur sér vel því hann rekur nokkuð umfangsmikla starfsemi í jarð- og lagnavinnu með litlum mannafla og vinnur mikið sjálfur. Bjarni vinnur fyrir byggingaverktaka, fyrirtæki og stofnanir, en mest fyrir einstaklinga – til dæmis þá sem þurfa að láta skipta um lagnir, helluleggja, tyrfa og/eda endurskipuleggja garðinn eða gera fínt í kringum sumarhúsið. Fyrir byggingaverktaka annast hann alla þá jarðvegsvinnu sem þarf að framkvæma áður en hús og önnur mannvirki eru byggð.

„Ég er með nokkra starfsmenn á sumrin en færri á veturna,“ segir Bjarni en töluverðan tækjabúnað þarf til að halda starfsemi hans gangandi: „Ég er með gröfur, vörubíla, sendibíla og svo ýmis minni tæki og búnað,“ segir Bjarni en töluverður kostnaður er við að endurnýja slíkan tækjabúnað svo vel sé og stundum þarf að gera við fram á nótt til að hafa öll tæki klár fyrir daginn.

„Ég er mjög mikið í drenlögnum, við mokum fyrir og skiptum um allar lagnir sem þarf, undir og við hús,“ segir Bjarni en lagnavinna getur orðið aðkallandi og er framkvæmd á öllum árstímum. „Það er verst ef

það er mikil snjókoma eða mikið frost en annars getur þetta farið fram hvenær sem er.“

Lagnir og lóðir ehf. annast líka ýmis lagnaverkefni fyrir veitufyrirtæki og leggur og endurnýjar lagnir fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Styttist í vorverkin

Timinn líður hratt, núna er kominn janúar og áður en við vitum af fer vorið að nálgast. Aðspurður hvaða verk sem tengjast hans starfsemi fólk ætti að huga að fyrir vorið segir hann:

„Vetur hér geta verið ansi umhleytingasamir og blautir þá verður fólk mjög oft vart við leka í kjöllum. Ýmist eru þá lagnir ónýtar eða það vantar drenlagnir í kringum hús – en það er algengt í gömlum húsum. Þegar drenlagnir eru ónýtar endurnýjum við þær og skiptum um allar lagnir sem þarf undir og við húsið, hvort sem um er að ræða fráveitu- eða neysluvatnslagnir. Fólk nýtir þá oft tækifærið og breytir staðsetningu niðurfalla, handlauga og klósetta. Þar sem vantar lagnir setjum við einfaldlega nýjar lagnir.“

Margir sem vilja umbreyta gördum sínum og lóðum leita til Lagna og lóða ehf. Bjarni segir gott að huga að slíkum verkefnum um leið og frost fer úr jörðu. Hann endurmótar garða, mokar fyrir




hellulögnum, sólpöllum og heitum pottum. Í sumarhúsaðalöndum gerir hann vegi auk þess að umbreyta gördum og setja lagnir í og við sumarhúsið. Verksvæði fyrirtækisins er allt suðvesturhorn landsins.

Nánar má fylgjast með starfseminni á Facebook-síðunni Lagnir og lóðir. Til að fá nánari upplýsingar eða tilboð í verk er hægt að hringja í Bjarna í síma 891-9120 eða senda tölvupóst á netfangið vaxandivandi@gmail.com



Tímarvélín



Stúlka óskast

við húsvörk og sauma. Elísabet Kristjánsdóttir Foss. Hittist sunnudag kl. 1–5, Nýlendugötu 15 B.

Gamla auglýsingin

29.09.1928

Þegar nektardans blómstraði á Íslandi

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Hún er menntuð sem barnahjúkrunarkona og er að lesa sálfræði. Vinnur á heildsölu og baðar sig fyrir Íslendinga.

Þannig hljómaði inngangur vídtals sem birtist í tölublaði Vikunnar í ágúst 1978. Þar var rætt við dönsku nektardansmeyna og skemmtikraftinn Susan Haslund en Susan kom reglulega til Íslands á árunum 1974–1981. Þetta var tæplega þremur áratugum áður en nektardans var bannaður hér á landi.

Susan ferðaðist um land allt og sýndi nektardans á hinum ýmsu klúbbum, veitingastöðum og samkomuhúsum við góðar undirtektir Íslendinga sem voru óvanir skemmtun af þessu tagi.

Susan kom meðal annars fram í hinum ýmsu búningum, en það sem vakti hvað mesta lukku í sýningunni var þegar hún baðaði sig í pínulitlu baðkari. „Susan baðar sig“ stóð í auglýsingum fyrir sýninguna sem birtust í blöðum og tímaritum.

„Nektardansmærin Susan baðar sinn undurfagra og eggjandi líkama allsnakin á gólfinu í Festi, í minnsta baðkari í heimi,“ stóð í auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu í júní 1977 en þá kom Susan fram á skemmtistaðnum Festi í Grindavík.

Sagði Íslendingja vera „vingjarnlega“

„Hún baðar sig í bláum plastbala, dillar sér með eggjandi hreyfingum og lætur áhorfendur þvo sér og þurrka,“ ritar blaðamaður Vikunnar sem fylgdist með sýningu Susan á Klúbbnum eitt ágústkvöld árið 1978. Susan sýndi fyrir troðfullum sal það kvöld.

Susan tjáði blaðamanni að hún hefði byrjað ferilinn sem „gogo“-dansmæren en fært sig síðan yfir í nektardansinn sem henni fannst mun skemmtilegri. Þá sagðist hún alltaf skemmta ein, aldrei með öðrum. Hún sagðist eiga nokkur áhugamál fyrir utan dansinn, svo sem siglingar, saumaskap og lestur góðra bóka.

Þá sagðist hún hafa haft mjög gaman af því að kynna landi og þjóð, en á ferðum sínum um landið hafði hún meðal annars fengið að líta inn í ullarverksmiðjur, bóndabýli og frystihús.

„Íslendingar hafa reynt mér vel og verið vingjarnlegir og mér finnst gott að vera hér,“ sagði Susan en hún sagðist aldrei hafa orðið fyrir aðkasti á sviðinu, þvert á móti. „Það hefur allt gengið vel hérna.“

Blaðamaður lýsti þannig upplifun sinni af kvöldinu:

Nú voru spurningar þrotnar og Súsan farin að ókyrrast, því nú leið að sýningaratriði hennar. Hún þaut með miklum látum inn í búningsherbergið, en ég labbaði fram. Þegar fram kom hafði mikill mannfjöldi safnast saman við dansgólfið, það var stappað og klappað og æpt á Susan.

Og svo birtist hún í svartri skikkju. Eftir að hafa dillað sér um stund fór hún að tína af sér spjarimar, en dansaði fram og til baka allan tímann. Loksins þegar hver einasta þjatta var horfin utan af henni sté hún ofan í balann sinn og lék þar listir sínar við mikinn fögnuð áhorfenda. Ætlaði fagnaðarlátum aldrei að linna og Susan, sem stundar þessa þrífalegu atvinnu, virtist eiga hvert bein í fólkinu.



„Kalt að dansa á Íslandi“
— segir nektardansmærin Sabina.
— segir nektardansmærin Sabina.
kom af sjúkrahúsinu í gær

Gaman í Grímsey
— á fyrsta hljómsveitarballinu þar



Opíð kl. 8 - 11.30
TÍVOLÍ OG COBRA
Nektardansmærin
SUSAN
baðar sig
kvöld kl. 10.30
Snyrtilegur klæðnaður



Nektardans í félagsheimili

Susan var ekki eina nektardansmærin sem kom fram hér á landi á þessum árum. Á sjöunda, áttunda og níunda áratugum þekktist það að íslenskar hljómsveitir fengu erlendar dansmeyjar til að koma fram á böllum á meðan hljómsveitarmeðlimir tóku sér pásu.

Þá kom nektardansmærin Sabina fram á skemmtistaðnum Sigtúni seint á sjöunda áratugnum. „Íslenskir áhorfendur eru mjög kurteisir, ólíkir mörgum Evrópubúum, en mér finnst dálítið kalt að dansa hérna,“ sagði hún í samtali við Vísi í júní 1969.

Nokkrum árum síðar, árið 1977, hélt hljómsveit Ólafs Gauks ball í félagsheimilinu í Grímsey og fékk nektardansmey að nafni Lisa til að koma fram á ballinu. „Dansmeyjan Lisa var óhrædd við háttu sig norðan við Heimskaupsbaug. Grímseyingar störfu

á „undrið“, opinmyntir og stóreygir, rétt eins og menn gera annars staðar,“ sagði meðal annars í grein Vikunnar á sínum tíma en eins og sjá mátti á myndunum var aðbúnaðurinn á félagsheimilinu ekki beinlínis hentugur fyrir nektardans. ■



Myndir: timarit.is

Íslenskir leikarar sem lifðu af axarsköftin

Í skemmtanabransanum bjóðast ekki margir sénsar, sérstaklega ef leikari fer með burðarhlutverk í verki sem telst til feilspors hjá almenningi. Vestanhafs er óskrifada reglan sú að ef viðkomandi tekur þátt í floppi sem verður grunnur holskeflu háðs og sleggjudóma, er umræddur leikari kominn í

svokölluðu bíóprísundina (e. Movie Jail).

Ísland er aftur á móti lítið land og eiga sumir þekktara leikara okkar hina ótrúlegustu skelli að baki en lifðu þá af af. Hér má sjá fáein dæmi um leikara sem komust heilir frá axarsköftum sínum og náðu jafnvel að blómstra sem aldrei fyrr í kjölfarið á þeirra.



Kjánahrollur í hringekju

Góí – Hringekjan

Spjallþátturinn Hringekjan þótti sérlega mislukkaður af flestum, ábyggilega þáttastjórnandanum sjálfum líka. Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Góí, lagði sig þó allan fram og fær marga plúsa fyrir að halda andliti og stemningu á meðan brandarar og uppsetning varð tilefni mikils og tíðs aulahróls. Fyrir mikla lukku lifði Góí fallið af og með tímanum varð Hringekjan lítið annað en víti til varnaðar í íslensku sjónvarpi.



Draugagangur í aðsókn

Laddi – Ófeigur gengur aftur

Í kjölfar velgengni gamanmyndarinnar Jóhannes, sem malaði gull í aðsókn á sínum tíma, var þjóðþekkti grínarinn Laddi orðinn að bíóstjörnu. Þá var ekki annað í stöðunni en að panta nýja gamanmynd þar sem ærslagangur hans var í fyrirrúmi og árið 2013 var hulunni svipt af mynd þar sem okkar maður lék ólátabelg sem hafði gengið aftur. Draugafarsinn Ófeigur gengur aftur náði hvergi sömu hæðum í vinsældum og Jóhannes og vakti almennt lítinn áhuga almennings og gagnrýnenda. Laddi er auðvitað með okkar þekktari og færari skemmtikröftum, þannig að lítið mál hefur verið fyrir hann að sópa skömminni undir teppið.



Öllum verður kalt

Björn Thors – Frost

Björn vann sér aldeilis inn hylli landans þegar hann brá sér í hlutverk Kenneths Mána í Fangavaktinni og hefur einnig lengi verið sterkur á sviði í gegnum tíðina. Leikarinn fékk tækifæri til þess að spreyta sig á nýjum sviðum þegar hann tók þátt í hrollvekjunni Frost, sem fljótt varð skotsþórn gagnrýnenda og uppspretta mikils gríns. Kvikmyndin sótti í sambærilegan stíl og The Blair Witch Project, þar sem tíður hristingur kvikmyndatökuvélar og öskur utan ramma voru allsráðandi. Áhorfendur voru lítið heillaðir af þessum hrolli og heyrðist fátt annað á almennum bíósynningum en samstíga geispi fólks.



Drasl og dósahlátur

Jóhannes Haukur Jóhannesson

– Marteinn

Árið 2009 leit sjónvarpsserían Marteinn dagsins ljóst hjá RÚV. Gamanþættirnir sóttu grimmt í margnotaða formúlu vestanhafs þar sem karlmaðurinn á heimilinu er sófakartafla, konan er sínöldrandi staðalímynd, besti vinurinn aumingi og deilurnar ódýrum farsa líkastar.

Marteinn var kvikmyndaður fyrir framan sal fullan af áhorfendum, sem hefur líklegast verið mútað með ókeypis pítsum til þess að bæta dósahlátri í handritið vonda. Jóhannes Haukur fór með titilllutverkið og komst hjá því að láta þættina leiða sig út af sporinu í leikaralíf- inu, enda fór hann síð-

ar að deila hvíta tjaldinu með fagfólki eins og Ian McKellen, Cate Blanchett og Guy Pearce. Hugsanleg skýring er sú að mjög fáir Íslendingar hafi séð Marteinn og ef til vill skynsamlegast að halda því þannig.



Skraufpur borgarstjóri

Jón Gnarr – Gnarrenburg, Borgarstjórinn og Maður eins og ég

Ljóst er að Jón Gnarr hefur gert marga meiriháttar hluti fyrir íslenskt grín og meira til utan skemmtanageirans. Landsmenn hafa í hálfan þriðja áratug vitnað títt í persónur Jóns, frá Indriða til Georgs Kidda á verkstæðinu. Aftur á móti er leik- og grínferill mannsins ekki flekklaus og hefur mátt þola nokkrar hraðahindranir – nokkuð harkalegar. Ber þar fyrst að nefna skemmtiþáttinn Gnarrenburg, þar sem sjálfur stjórnandi þáttarins virtist varla nenna þessu. Landanum var ekki skemmt og viðtökur voru ekkert hlýrri með tilkomu Borgarstjórans og kvikmyndarinnar Maður eins og ég. Borgarstjórinn er lauslega byggð á eigin reynslu Jóns og fjögurra ára stöðu hans í því starfi. Jón náði þó að dusta af sér þessi skraufpurra verk með því að endurvekja Indriða í Skaupinu góða.

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

SAKAMÁL



HIN STA ORRUSTA OG A

■ John Byng gekk í sjóherinn þrettán ára ■ Hann átti glæstan feril ■ Fljótt skipast veður í l

Maður er nefndur John Byng. Hann fæddist í Southill Park í Southill-sókn í Bedfordshire á Englandi og var skírður 29. október árið 1704.

Faðir Johns, George Byng, var enginn meðaljón. George hafði stutt William III til valda árið 1689 og allar götur þaðan í frá hafði vegsemd hans aukist stöðugt. George Byng var hæfileikaríkur skipstjórnandi og hafði haft sigur í fjölmörgum sjóorrustum. Hann var mikils metinn af þeim þjóðhöfðingjum sem hann þjónaði og árið 1721 umbunaði George I Englandskonungur George Byng með því að gera hann að vísigreifa af Torrington.

Snemma beygðist krókurinn

John Byng fetaði í fótspor föður síns og gekk í sjóherinn aðeins þrettán ára að aldri. Hann hlaut kannski sína eldskírni þegar hann tók þátt í Cape Passaro-orrustunni árið 1718, en í henni var breski flotinn einmitt undir stjórn föður hans og hafði sigur gegn Spánverjum.

Næstu þrjátíu árin gat hann sér orð sem traustur sjóliðsforingi og var hækkaður í stöðu varaadmíráls árið 1747.

Til að byrja með var John Byng viðloðandi hin ýmsu verkefni við Miðjarðarhafið og var tilveran að mestu tíðindalítill. Árið 1742 var hann sendur til bresku nýlendunnar á Nýfundnalandi þar sem verk hans fólst í að veita vernd árlegum skipalestum breskra fiskimanna sem vor hvert lögðu upp frá Englandi til fiskimiðanna við Nýfundnaland.

Einnig var John Byng þingmaður, fyrir Rochester, frá árinu 1751 til dauðadags, sem kom fyrr en hann sennilega hugði.

Frakkar steyta görn

Árið 1756 dró til tíðinda á Miðjarðarhafi, en þá var skip Johns Byng við eftirlit á Ermarsundi. Franski sjóherinn var eitt hvað að steyta görn á þeim slóðum og settist um virki Englendinga á Minorca-eyju, St. Philip í Port Mahon, sem hafði tilheyrt Bretum frá árinu 1708.

Það hugnaðist Englendingum lítt og fékk John Byng fyrirsmáli um að fara og rjúfa herkvína. Fyrirvarinn var skammur og þrátt fyrir mótmæli Johns fékk hann ekki svigrúm til undirbúa skip sitt fyrir leiðangurinn. Þann 6. apríl, 1756, var þó búið að fullmanna áhöfn skipsins og það kom til Gíbraltar 2. maí.

Áhyggjufullur admírall

Þar fór frá borði deild léttvopnaðra fótgönguliða til að skapa pláss fyrir hermenn þá sem styrkja áttu varnir í St. Philip.

Bréfaskrif Johns Byng til flotamálaráðuneytisins sýna að hann hafði efasemdir um ágæti aðgerðanna. Hann taldi að hann væri of fálíðaður og að virkið gæti ekki staðist áras Frakka eins og í pottinn var búið.


Flotamálaráðuneytið hafnaði beiðni John Byng um fleiri hermenn og Byng lagði úr höfn á Gíbraltar 8. maí.

Áður en hann náði höfn á Minorca höfðu 15.000 franskir hermenn gengið á land á vesturströnd eyjarinnar og dreift sér

John Byng
Gekk í sjóherinn aðeins 13 ára að aldri.



St. Philip-virkið í Port Mahon Frakkar náðu virkinu á sitt vald í júní 1756.



Þegar Byng kom til Englandis var hann hneppur í varðhald. Fyrir kaldhæðni örlaganna hafði honum verið veitt yfirstjórn flotans (e. full admiral) 1. júní, í kjölfar orrustunnar við Minorca en áður en tíðindi bárust af lyktum þar.

Hermenn í virkinu gátu staðist umsátur Frakka til 29. júní en neyddust þá til að gefast upp sem þeir gerðu með skilmálum. Samkvæmt skilmálanum gátu breskir hermenn farið óáreittir til Englandis og Minorca féll Frökkum í skaut.

Byng úthúðað

Aftur að John Byng. Að Byng hefði mistekist að frelsa virkið á Minorca fór fyrir brjóstið á kollegum hans heima fyrir, og reyndar almennings einnig. Honum var gert að standa skil að aðgerðum sínum frammi fyrir herdómstól, sem vel að merkja hafði þá nýlega, í kjölfar endurskoðunar, öðlast heimild til að beita dauðarefsingu. Ein lög skyldu gilda fyrir alla og skyldu innibera dauðadóm yfir hverjum yfirmanni, án tillits til tignar, sem ekki gerði sitt allra besta gegn óvini í orrustu eða eftirför.

Þetta leit ekki vel út fyrir John Byng og herdómstóll kom saman þann 28. desember, 1756, um borð í gömlu 96 fallbyssna skipi, HMS St. George, í höfninni í Portsmouth.

Ekki heigull

Eðli málsins samkvæmt voru það kollegar Johns Byng sem skipuðu herdómstólinn; fjórir admíralar og níu skipstjórar. Niðurstaðan lá fyrir fjórum vikum síðar, 27. janúar, 1757, og var útlístað í lýsingu á atburðarás í orrustunni við Minorca og túlkun á aðgerðum og ákvörðunum Johns Byng.

John Byng var sýknaður af ákæru um heigulshátt, en í megindráttum var niðurstaðan sú að honum hefði mistekist að halda flota sínum saman í orrustunni við Frakka, skotið hefði verið úr of mikilli fjarlægð og að hann hefði átt að halda áfram aðgerðum til að frelsa virkið í stað þess að

Franski sjóherinn var eitt-hvað að steyta görn á þeim slóðum og settist um virki Englendinga á Minorca-eyju

þaðan um alla eyjuna. Skip Johns var úti fyrir auströndinni og þaðan reyndi hann að koma á samskiptum við landa sína í virkinu.

Farið til Gíbraltar

Í stuttu máli urðu málalyktir orrustunnar, 20. maí 1756, á milli Frakka og Breta þær að hvorugur aðili missti skip og fjöldi særðra og fallinna var svipaður; Bretar misstu 43 sjóliða og 168 særðust, en Frakkar misstu 38 og 175 særðust.

Breski flotinn hélt sig í grennd við Minorca en náði hvorki sambandi við virki Breta né sá til Frakka og Byng kall-

aði til fundar skipstjóra skipanna. Þar lýsti hann þeirri skoðun sinni að Minorca væri glötuð og það besta í stöðunni að snúa til Gíbraltar og láta gera við skipin.

Skipstjórar hinna skipanna, sem lutu yfirstjórn Johns Byng, voru honum sammála og komu skipin til Gíbraltar 19. júní. Þar bættust fjögur skip í flotann, viðgerðir fóru fram og vistir teknar.

Uppgjöf með skilmálum

Áður en floti Byng gat haldið úr höfn á ný kom skip frá Englandi með frekari fyrirsmáli. Byng var sviptur stjórn og honum gert að snúa heim til Englandis.



AFTAKA AÐMÍRÁLSINS

ofti ■ Ein sjóorrusta innsiglaði örlög hans ■ Áhöld um réttmæti úrskurðar herdómstólsins



snúa til Gíbraltar. John Byng hafði sem sagt ekki gert „sitt allra besta“ í að takast á við óvininn og þannig gerst brotlegur við áður-nefnda viðbót herlaga þess tíma.

Beðið um mildun

Fátt var í stöðunni hjá herdómstólnum annað en dæma John Byng til dauða og gerði hann það, en einróma var þó mælt til þess að lávarðarnir í flotamálaráðuneytinu færu þess á leit við Georg II Englandskonung að hann nýtti forréttindi sín og mildaði dóminn.

Það kom í hlut aðmírals að nafni John Forbes í flotamálaráðuneytinu að undirrita dauðadóminn, en hann neitaði að gera það; sagði dóminn ólöglegan og útskýrði mál sitt í löngu máli.

Flotamálaráðherrann, Richard Grenville-Temple, fékk áheyrn hjá konunginum, en bón hans um miskunn til handa John Byng var hafnað í frekar reiðilegum tón.

Byng fær stuðning

Þaðan í frá, þrátt fyrir að hver maðurinn af öðrum reyndi að tala máli Byng, tóku stjórnmalin við - þrátt fyrir að ljóst væri að flotamálaráðuneytið bæri að minnsta kosti hluta ábyrgðar á óförunum við Minorca.

Það kvísaðist að flotamálaráðuneytið hefði reynt að firra sig sök með því að kasta John Byng fyrir úlfana og stuðningur við hann jókst hvort tveggja innan sjóhersins og landsmanna almennt, sem höfðu þó áður sýnt annan lit, og Englandskonungur beitti ekki forréttindum sínum.

Vasaklúturinn látinn falla

Frá því að dómur var kveðinn upp hafði John Byng verið í haldi um borð í HMS Monarch (Monarque, skip sem tekið var herfangi af Frökkum) á Solent-sundi. Þann 14. mars, 1757, var John Byng færður upp á afturþilfar og tekinn af lífi að allri áhöfn skipsins, og áhöfnum annarra nærliggjandi skipa, viðstaddir.

„Að Byng hefði mistekist að frelsa virkið á Minorca fór fyrir brjóstið á kollegum hans heima fyrir, og reyndar almennings einnig.“



Cape Passaro-orrustan 1718
Fyrsta orrustan sem John Byng tók þátt í.



Byng mætir örlögum sínum
Skiptar skoðanir eru um réttmæti dauðadóms yfir aðmírálnum.

John Byng aðmírall kraup með hnén á púða og gaf til kynna að hann væri reiðubúinn með því að láta vasaklút sinn falla. Aftökusveitin var úr röðum konunglegra sjóliða.

François-Marie Arouet, franskur heimspekingur með meiru og betur þekktur sem Voltaire, hæddist að aftökunni og tilurð hennar í bók sinni, Candide. Í bókinni er söguhetjan, Candide, látin verða vitni að aftöku sjóliðsforingja í Portsmouth og er sagt við hann: „Í þessu landi er gott að

drepa aðmírál endrum og sinnum, til að vekja hugrekki hjá öðrum.“

Skiptar skoðanir

Árið 2007 fóru niðjar Johns Byng þess á leit við bresku ríkisstjórnina að honum yrði veitt sakaruppgjöf. Beiðninni var hafnað þrátt fyrir að flestir sem þekkja til málsins séu þeirrar skoðunar að dauðadómurinn hafi verið óverðskuldaður, enda hefur aftakan verið sögð „versti réttarfarslegi glæpurinn í sögu þjóðarinnar.“

Peir eru til sem telja að hvort tveggja dauðadómurinn og aftakan hefði haft áhrif á seinni tíma foringja í sjóhernum. Þeirra á meðal er sagnfræðingur að nafni N.A.M. Rodger sem segir að örlög Johns Byng hefðu skapað „menningu herskárar staðfestu sem skildi á milli breskra foringja og útlendra kollega, og sem síðar meir veitti þeim sívaxandi sálfræðilega yfirburði.“

Ekki verður lagt mat á það hér og nú. ■

Hjónin Hér sést lávarðurinn með eiginkonu sinni, Veronicu.

Ráðgátan um Lucan lávarð

■ Hefur litað umræðuna í Bretlandi í fjóra áratugi ■ Myrti barnapíu og hvarf sporlaust

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Rúmlega fjóra áratugi hefur ráðgátan um hvarf Lucan lávarðar sett mark sitt á umræðuna í Bretlandi. Hann hefur margoft „sést“ víða um heim,

til dæmis í Afríku, Hollandi og San Francisco, sem hippi á Indlandi og á Nýja-Sjálandi þar sem hann var sagður búa í Land Rover-bifreið með geit sem hét Camilla. Einn vina Lucan sagði að hann hafi skotið sig á sínum tíma og líkið hafi verið notað sem

fæða fyrir tígrisdýr í dýrargarði sameiginlegs vinar þeirra. Eiginkona hans, sem fór varla úr húsi í fjóra áratugi, hélt því alla tíð fram að hann hefði hoppað fyrir borð af ferju og hafi lent í skrífu hennar. Ekkert af þessu reyndist á rökum reist.

Ef Lucan er á lífi þá er hann orðinn 85 ára. Hann var þó úrskurðaður látinn af breskum dómstól fyrir fjórum árum. En af hverju þessi áhugi á honum? Ástæðan er að fyrir 46 árum myrti hann barnapíu fjölskyldunnar, sem hét Sandra Rivetts, og hvarf síðan sporlaust. Málið hefur alla tíð síðan verið nokkuð ofarlega á baugi í Bretlandi. Margir hafa tengt hvarf Lucan við að hann hafi notið aðstoðar vina sinna úr efri stéttum samfélagsins til að láta sig hverfa. Málið hefur verið tengt við það sem sumir segja ákveðin forréttindi hinna ríku og valdamiklu.

En nú segir sonur Söndru að hann hafi hitt Lucan. Hann segir Lucan búa í Ástralíu, að hann sé alvarlega veikur og sé búddisti. Það er því hugsanlegt að nú sé þetta dularfulla mál við það að leysast. Sonurinn, sem heitir Neil Berriman og er 52 ára, vonast til að nú verði loksins hægt að draga Lucan lávarð fyrir dóm.

„Ég held að mér hafi tekist að hafa uppi á Lucan lávarði sem myrti mömmu. Hann hefur verið á lífi allan þennan tíma. Logið til um hver hann er. Logið að nýjum vinum sínum,“ sagði Berriman í samtali við Daily Mirror.

Fjárhættuspilari og mórðingi

Lucan lávarður, sem hét eða heitir í raun Richard John Bingham, var sjöundi jarlinn af Lucan. Hann var þekktur fjárhættuspilari. Hann kvæntist Veronicu Duncan 1963. Hann hafði sest í helgan stein 25 ára að aldri eftir að hafa unnið milljónir í fjárhættuspilum.

Hjónin eignuðust þrjú börn og bjuggu í glæsilegu húsi í Belgrave í Lundúnum. En upp úr sauð á

milli þeirra hjóna eftir frekar stutt hjónaband og á endanum flutti Lucan frá eiginkonunni. Hófst þá bitur barátta um forræðið yfir börnunum.

Að kvöldi 7. nóvember 1974 sváfu börnin, Frances, 9 ára, George, 7 ára og Camilla, 3 ára, vært. Móðir þeirra var að horfa á sjónvarpið í svefnherberginu. Barnapían, Sandra Rivett, 29 ára, fór niður á aðal hæðina til að sækja te handa húsmóðurinni. Búið var að taka peruna úr perustæðinu í eldhúsinu og í myrkurinu var ráðist á Söndru og hún barinn til dauða með járnróri. Frá upphafi hefur verið talið víst að þar hafi Lucan lávarður verið að verki en talið að þarna væri eiginkona hans á ferð.


Síðar skýrði lafði Lucan frá því að hún hefði komið niður í eldhúsið skömmu síðar og komið að eiginmanninum sínum. Hann hefði ráðist á hana með járnrórinu og reynt að kyrkja hana og þrýsta augunum úr augnatóftunum. Hún sagðist hafa náð taki á kynfærum hans. Hún grátbað hann um að þyrma lífi sínu og bað um eitt vatnsglas. Því næst hljóp hún allblóðug út og inn á nærliggjandi bar, Plumber's Arms, og öskraði:

„Hjálp! Hjálp! Hjálp! Hjálp! Hann er í húsinu. Hann myrti barnapíuna.“

Pegar lögreglan kom á vettvang blasti blóðpollur við á aðal hæðinn og í honum var karlmannsfótspor. Lík Söndru lá í póstpoka. Lucan lávarður var horfinn af vettvangi, hafði flúið í bíl sem hann hafði fengið lánaðan hjá góðum vinum sínum. Hann sagði þeim að eiginkona hans hefði sakað hann um að hafa ráðið leigumórðingja til starfa og af þeim sökum þyrfti hann að láta lítið

„Veist þú að skilgreining á sótthita breytist eftir aldri?“

Thermoscan eyrnahitamælirinn minn veit það.“



ThermoScan® 7

Braun ThermoScan eyrnahitamælirinn minn veit það.“
fast í öllum lyfjaverslunum


Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna.ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

BRAUN

Donna
Sími 555 3100 www.donna.is

Lucan er svikahrappur og það var hann sem myrti móður mína

Hin myrta
Sandra Rivett.



Lögregluvakt Fyrir utan heimili lávarðsins, daginn eftir morðið.



fyrir sér fara um hríð. Þremur dögum síðar fannst bíllinn, útataður í blóði í Newhaven í East Sussex. En ekki fannst tangur né tetur af Lucan lávarði. Þegar hraðbátur hans fannst mannláus og nær ónýtur eftir árekstur var talið að hann hefði siglt á haf út og fyrirfarið sér. En líkið fannst aldrei eða nokkuð annað sem studdi þetta.

Úrskurðaður látinn

Ári síðar komst kviðdómur að þeirri niðurstöðu að Lucan lávarður hefði að öllum líkindum myrt Söndru Rivett. Yngsti sonur hennar, Neil Berriman, sem var gefinn til ættleiðingar aðeins sex mánaða að aldri, vissi ekki hver líffræðileg móðir hans var fyrir en fyrir þrettán árum þegar fósturmóðir hans, Audrey, lést. Þegar hann opnadi umslagið, sem hann fékk eftir andlát hennar, komst hann að því að Sandra Rivett var móðir hans og að hún hefði verið myrt þegar hann var sjö ára. Síðan þá hefur hann leitað að morðingja hennar.

Þegar Lucan lávarður var úrskurðaður látinn 2016 og sonur hans, George, fékk að taka titil hans sem áttundi jarlinn af Lucan, fékk Berriman bréf með ábendingu um að Lucan lávarður væri enn á lífi. Berriman hefur á undanförunum árum helgað líf sitt leitinni að Lucan lávarði. Nú hefur honum, að því að hann heldur fram, tekist að hafa upp á morðingja móður sinnar.

Hann segir að Lucan lávarður búi í Ástralíu og hafi gert árum saman. Hann hafi í fyrstu búið í Perth en eftir að hafa margoft lent upp á kant við vini sína hafi hann flutt í annan landshluta. Þar hafi hann búið síðustu ellefu árin með tveimur ungum Bretum og Ástrala. Þeim hafi hann kynnst í athvarfi fyrir búddista fyrir ellefu árum. Berriman segir að þeir stundi hugleiðslu saman daglega.

Vinirnir staðfestu við Daily Mirror að eldri Englendingur, sem líkist Lucan lávarði, búi í húsinu. Berriman segir að þeir viti vel að maðurinn sé dularfullur, eldri Englendingur og ekki sá sem hann segist vera. Vinina hafi grunað eitt og annað um manninn árum saman. Maðurinn er sagður þarfnast mikillar daglegrar aðstoðar vegna heilsu sinnar og að hann bíði nú eftir að komast í stóra aðgerð á sjúkrahúsi.

Berriman er sannfærður um að Lucan lávarður hafi yfirgefið England á lífi þessa örlagaríku nótt fyrir 46 árum og hafi notið aðstoðar vina sinna við að komast yfir Ermarsund. Hann hafi fengið nýtt vegabréf og nafn og sé á lífi í dag, 85 ára. Hann segist hafa heimildir fyrir að Lucan lávarður hafi notast við að minnsta kosti sex mismunandi nöfn í gegnum tíðina. Hann hefur kynnt Scotland Yard þau gögn sem hann hefur aflað og vonast nú til að lögreglan rannsaki málið frekar. ■

Leitin mikla Leitað að lávarðinum árið 1974.



Leikur í tré Veronica með börnin tvö.



MYNDIR: EYÞÓR ÁRNASON

„Miklu orkufrekara að vera í fylu en að vera jákvæður“

Stórar áskoranir í vændum ■ Vakinn í rúminu af heimsókn Stuðmanna ■ Segir hroka ekki fara sér vel

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Útvarpsmaðurinn og smiðurinn Ómar Úlfur Eyþórsson er landsmönnum að góðu kunnur en hann er umsjónarmaður Síðdegisþáttarins Ómar á X-977 og var nýlega ráðinn dagskrárstjóri stöðvarinnar. Ómar er einstaklega lífsglaður og kemur ávallt til dyranna eins og hann er klæddur. Hann er þekktur fyrir að vera laus við alla tilgerð og tekur lífinu með stóískri ró og það smitar út frá sér.

Á þessu ári fagnar Ómar bæði fertugsafmæli sínu og ellefu árum í edrúmennsku. Í samtali við DV tjáir hann sig um áskoranirnar fram undan, hið sífellt krefjandi föðurhlutverk, eftirminnilegan Stuðmannahitting, æskuárin og skemmtanalífið á „hálfvitaárunum,“ eins og hann orðar það hressilega.

Draumur á sviði

Spurður út í dagskrárstjórástöðuna segir Ómar að engar meiriháttar stefnu-breytingar verði á útvarpsstöðinni þótt alltaf megi efla X-977, sem hefur verið í mikilli sókn undanfarið. Það verði gert í nánú samstarfi við íslenskt tónlistarfólk og tónlistarbransann í heild sinni, en Ómar fullyrðir að með réttum tækifærum og smá fjármagni geti hann persónulega séð til þess að stöðin verði sú stærsta á landinu.

„Ég elska útvarpsmiðilinn. Eftir að ég gerðist dagskrárstjóri langar mig ekkert til að vera yfirmaður sem tekur fólk á teppið, en ég mæti samt í vinnuna á hverjum degi með krepptan hnefa því mig langar að styrkja X-ið. Það er svo gaman að hafa þennan hvata og gera eitthvað betra. Hins vegar, þegar ég er í loftinu, legg ég dagskrárstjóran til hliðar og er útvarpsmaðurinn Ómar,“ segir hann. „Ég vil peppa

starfsfólkið, prófa nýja og ferska hluti og fá hlustendur til að halda með X-inu, það er mikilvægt. Stöðin getur leyft sér að vera öðruvísi, að vera ekki fyrirsjáanleg og vera skemmtileg. Þetta á að vera gaman, bæði fyrir dagskrárgerðarfólkið og hlustandann.“

Þá minnst hann á eina hugmynd sem hann dreymir að verði að veruleika einhvern daginn.

„Ég á mér stóra drauma í leik og starfi. Mig langar til dæmis einhvern tímann að taka einn þátt af Síðdegisþættinum Ómari og gera hann á sviði. Þá væri band að spila intróid, ég kæmi inn í hvítum jakkafötum og með bindi, tæki viðtöl og hljómsveitin myndi alltaf spila lög inni á milli, af ýmsum gerðum. Það væri jafnvel hægt að taka þetta upp fyrir sjónvarp og gera þetta smávegis eins og flott „Netflix Special““

Vakinn af Stuðmönnum

Ómar hefur alla ævi verið með músík í hjarta sínu og mikill áhugamaður um allar gerðir tónlistar. Hann þakkar foreldrum sínum öðrum fremur fyrir að hafa skapað rétta umhverfið, þar sem hægt var að efla og styrkja þennan áhuga.

„Það var töluvert um músík á mínu heimili mínu þótt hvorugur foreldrar mínir hafi verið eitthvað í músík. Mamma söng til dæmis alltaf og var reglulega með útvarpið á eða plötur á fóninum. Þess vegna er ég alveg jafn tengdur við gamalt og gott íslenskt efni og rokkið, enda voru hinar ólíklegustu plötur til í safni foreldra minna,“ segir Ómar og telur upp listamenn á borð við Gunnar Þórðarson og Villa Vill, en það var ein tiltekin plata sem kallaði til hans og honum þótti sérlega athyglisverð. Það var platan Bat out of Hell með Meatloaf.

„Ég horfði bara á plötuumslagið og hugsaði: „Þetta er sko þungarokk,“ en svo



fattaði ég það ekki fyrr en mörgum árum seinna að svo var ekki,“ segir hann og rifjar upp minningu sem hefur verið honum lengi nær.

„Stuðmenn voru líka í mikilli spilun hjá foreldrum mínum og ég gleymi því aldrei þegar Stuðmenn komu í heimsókn í partí eftir ball, eins og ekkert væri edlilegra. Þá var ég sex ára og flestir meðlimir bandsins kíktu við. Ég var vakinn upp af heimsókn Stuðmanna og fékk í fyrsta skipti stjörnuhlampa í augun. Mér leið eins og Bítlamir væru komnir heim til mín. Þeir

gáfu mér Stuðmannabókina, sem ég á ennþá áritaða.“

Platan sem öllu breytti

Ómar segir uppvaxtarár sín hafa einkennst af frjóum og flottum tíma fyrir íslenska tónlist. „Þá vorum við með hljómsveitir eins og Þey, Purrk Pillnikk, Utangarðsmenn, Fræbblana, Tappa Tíkarrass og fleiri. Það var svo mikill kraftur og gredda í þessu. Þetta var svo á móti straumnum,“

Framhald á síðu 34

VIÐ TÖKUM ÞÁTT Í *LÍFSHLAUPINU*



Landskeppni
í hreyfingu



Lífshlaupið



PEKKING





segir útvarpsmaðurinn. „Kannski er þetta erfiðara í dag, þegar allir eru í lopapeysunum og faðmandi tré vantar alveg gredduna og ágengnina sem við upplifum öll í gegnum ævina. Þetta er auðvitað alveg geggjáður tími og það er svo gaman að sjá, með endurkomu vínylsins, að þetta eru verðmætustu plöturnar sem þú finnur, með þessum listamönnum sem ég taldi upp meðal annars.“

Um ellefu ára aldurinn var Ómar orðinn ágætlega sjóaður í íslenski tónlist. Áhuginn á mismunandi tónlist og stefnum var kominn til að vera, en þó var ein plata sem breytti öllu á þeim aldri. Aðdragandi þessarar uppgötvunar var þegar móðir hans fór með hann í ferðalag til Reykjavíkur frá Hvolsvelli, þar sem hann er uppalinn.

„Það má alveg segja að miklihvellurinn í mínu tónlistarlífi hafi verið þegar mamma keypti handa mér Nevermind með Nirvana, sem þá var til á kassettu. Ég man þetta eins og það hefði gerst í gær. Ég var með blátt Walkman-vasadiskó og ég setti kassettna í tækið og hlustaði tvisvar á hana alla, á leiðina úr bænum og heim. Þar sem við bjuggum á Hvolsvelli náði ég að renna henni í gegn oftar en einu sinni á leiðinni til og frá,“ segir Ómar.

„Þegar ég horfi til baka breytti þessi kassetta alveg lífi mínu. Og þarna á þessum tíma gat maður ekkert bara spólað til baka eða ýtt á einn takka til að hlusta á Smells Like Teen Spirit. Maður leyfði þessu bara að rúlla í gegn. En á ellefu ára aldri var ég farinn að grúska töluvert í tónlist og menningarheimi hennar, á allt öðrum tíma líka, enda erfitt að leita sér upplýsinga um tónlist og allt slíkt sem kemur með einni handahreyfingu á símann í dag. Þegar ég fékk Nevermind fyrst í hendurnar hélt ég að Kurt Cobain væri dáinn, þetta var árið 1991. Það var ekkert internet þá og engin leið að kanna hvort það væri rétt.“

„Ég var einu sinni algjör hálfviti“

Ómar segir það ótvírætt vera auðveldara fyrir áhugafólk um tónlist og listir almennt að afla sér upplýsinga og nýjunga með tilkomu tækni og sí tengingar. Í tengslum við umræðuna um samfélagsmiðla og nútímavædda farsíma segist hann þó vera dauðfeginn að hafa alist upp þegar myndavélar voru ekki í hverjum vasa, ekki síst þegar hann stundaði skemmtanálífið af krafti.

„Heimurinn er búinn að breytast svo mikið, eins og hefur verið margt sagt. Á unglingsárunum ef ég var hrifinn af stelpu, þá þurfti ég að hringja heim til hennar í heimasímann. Í dag eru það samfélagsmiðlar sem sjá um megnið af þeirri erfiðisvinnu. Ég segi bara Guði sé lof að ekki voru til myndavélasímar eða samfélagsmiðlar þegar ég var sem verstur í mínu djammlífi,“ segir hann.

„Sonur minn var heima um daginn í tölvunni með frænda sínum og ég spurði hvað þeir væru að gera. Þeir svöruðu: „Við erum að gúgla foreldra okkar.“ Þá hugsaði ég bara „Djöfull er ég feginn að ekki sé til einhver grein þar sem stendur „Ómar Úlfur



Guði sé lof að ekki voru til myndavélasímar þegar ég var sem verstur í mínu djammlífi

hellaður á B5 eða Austur, standandi ber að neðan uppi á einhverju borði.“ Internetið gleymir engu og þarna slapp ég vel.“

Útvarpsmaðurinn sagði skilið við áfengi árið 2009 og sér ekki eftir þeirri ákvörðun. „Það er öllum hollt að skoða sjálfan sig. Ég þekki það sjálfur úr mínu lífi og verð að horfast í augu við að ég var einu sinni algjör hálfviti. Það var bara þannig, en ég hef reynt að bæta fyrir þær syndir og laga sjálfan mig og gera sjálfan mig ánægðari með lífið og tilveruna í leiðinni. Það er miklu orkufrekar að vera í fýlu en að vera jákvæður,“ segir Ómar.

Munur á hroka og sjálfsöryggi

„Þetta er svolítið vítt og algengt hjá kollegum mínum í útvarpsbransanum og víðar, þessi nagandi sjálfsefi. Það er sama þótt tíu manns komi upp að þér og segi að þú sért æðislegur, það er samt alltaf sjálfsefi til staðar. Ég vil samt hafa þetta svona og vil ekki laga þetta, klára þátt og segja „Djöfull er ég flottur.“ Þá yrði maður gjörsamlega akkerislaus og ruglaður. Þetta er að vísu fín lína. Maður á ekki að vera alltaf að naga sig niður, en ekki heldur detta í hrokann. Það síðasta sem ég vil vera í lífinu er hrokafullur, því það færi mér ógeðslega illa. Það er líka mikill munur á hroka og sjálfsöryggi.“

Ómar á tvö börn í dag með eigin-

konu sinni, Báru Jónsdóttur. Þau gengu í það heilaga árið 2016 og stefna á að kíkja saman á Marrakesh næstkomandi apríl, í tilefni fjörtíu ára afmælis Ómars, en hann útilokar þó ekki möguleikann á góðum hátíðarhöldum. „Jú, þrátt fyrir að vera hættur að drekka sjálfur finnst mér óskaplega gaman að veita vín. Brúðkaup okkar hjónanna er enn í hávegum haft fyrir mikla stemningu, einfaldlega vegna þess að sterku vínlöskurnar voru opnaðar strax eftir matinn. Ég er ekkert ekkert viðkvæmur fyrir því,“ segir Ómar.

„Ég er fáránlega vel giftur. Ég er heppinn með eiginkonu mína og heppinn með alla í kringum mig; börnin, vinnufélagi, yfirmann, vini. Án alls þess í kringum mig væri ég ekki að gera neitt af viti. Miðað við hvernig líf mitt var þegar ég var yngri hefði líf mitt getað farið eina leið, og þá væri ég sennilega á götunni, eða þá leið sem ég fór og er á í dag.“

Aldrei verið jafn gagnslaus

Ómar rifjar upp tilfinninguna og ævintýrið sem því fylgdi að verða faðir í fyrsta sinn, sem að hans sögn var gífurlegur rússíbani, eins og algengt er hjá flestum. „Það var auðvitað ótrúlegt að verða faðir í fyrsta skiptið, en það fór ekki almennilega að síga inn fyrir en eftir nokkur ár. Það munu allar



konur hlæja að þessu en ég var gjörsamlega uppgefinn eftir fæðingu sonar míns,“ segir hann í léttum tón.

„Fæðingin var ekki þetta bío-myndamóment á sjúkrahúsinu. Hún gekk alveg svakalega erfiðlega. Ég get auðvitað ekki ímyndað mér hvernig þetta var fyrir konuna og mér hefur aldrei fundist ég vera jafn gagnslaus nokkurn tímann á ævinni en þegar hann fæddist. Hefði einhver læknir sagt mér að fara út í horn og standa á höndum og reyna að klappa hefði ég tafarlaust gert það, bara til að gera eitthvert gagn. Síðan var það ótrúlega dýrmætt þegar ég fékk loksins son minn í fangið. Ég talaði við hann í fjörtíu mínútur, samkjaftaði ekki og lagði honum lífsreglurnar, tók til dæmis fram hversu mikilvægt væri að koma vel fram við mömmuna.“

Ómar segir flesta foreldra hljóta að tengja sig við þær stöðugu efasemdir og spurningar sem fylgja því að eiga börn, en þá bætir hann við að líka sé mikilvægt að læra af þeim í stað þess að vera einungis að leiðbeina. „Satt að segja hélt ég alltaf að ég yrði miklu betri pabbi en ég er,“ segir hann.

„Það er asnalegt að segja, en ég hélt að ég yrði þolinmóðari. Það er svo sem enginn fullkomið foreldri en þetta er endalaus spurningakeppni um hvort maður sé að gera rétt og hvenær eigi að beyta aga? Hvenær á maður að hlusta og leiðbeina og hvenær leyfir maður þeim að gera eigin mistök?“

Þau eru mjög ólík systkinin í háttum. Sonur minn er mjög varfærinn og algjört „copy-paste“ af mér á meðan dóttir mín er svolítið hálfleygari, sem er líka svolítið líkt mér, en ég er stöðugt að læra af börnunum mínum og það er líka hollt fyrir foreldra að geta viðurkennt það. ■



Íris Hauksdóttir
iris@dv.is

Þóra Hrund Guðbrandsdóttir er einn af hugmyndasmiðum dagbókanna MUNUM en samhliða fyrirtækjarekstri vinnur hún að lokaverkefni sínu í samstarfi við Barnaheill. Þóra segist elska að vinna ólík verkefni á fjölbreyttum sviðum en innblástur hugmynda sinna sækir hún úr ólíklegustu áttum.

Sjálfr lýsir Þóra sér sem tveggja barna móður úr Kópavogi sem elskar kjötsúpu, ferðalög og ævintýri. Hún er viðskipta- og markaðsfræðingur að mennt og er í þann mun að ljúka meistaranámi í stjórnun og stefnumótun. „Ég hef fengist við ýmislegt fram til dagsins í dag og hef alltaf elskað ólík verkefni sem veita mér ástríðu. Í dag starfa ég sjálfstætt en það fyrirkomulag hentar mér vel. Mér finnst gaman að geta sett upp mismunandi hatt fyrir hvern dag, en suma daga er ég viðburðastjóri, aðra er ég að vinna í Dokobit, sem er fyrirtæki sem við maðurinn minn rekum og tengist því að rafvæða ferla og gera vinnu fólks skilvirkari með því að nota rafrænar undirskriftir. Einnig er ég að vinna í lokaverkefni mínu í samstarfi við Barnaheill sem felst í því að fá fyrirtæki til að opna augun fyrir því að innleiða barnvænar stefnur í fyrirtæki sín og hvaða ávinning það getur haft í för með sér og svo er það auðvitað MUNUM, sem á stóran hlut af hjarta mínu.“

Mikilvægt að endurskilgreina markmiðið

Spurð hvernig hugmyndin að dagbókunum hafi kviknað segir Þóra að hvatvísi hafi ráðið för. „Við Erla Björnsdóttir, samstarfskona mín og vinkona, deildum saman skrifstofu í Austurstræti á þeim tíma sem hugmyndin að dagbókinni kviknaði. Það má segja að dagbækur hafi tengt okkur saman, en báðar vorum við alltaf með nokkrar bækur í einu sem héldu utan um ólíka þætti og við vorum báðar alltaf að leita að hinni fullkomnu dagbók, sem innihéldi alla þá þætti sem okkur fannst skipta máli að hafa í dagbók. Þegar vonin dvínaði um að við myndum finna þessa bók ákváðum við að búa hana til sjálfar. Þetta var í október 2014 og við ætluðum að gefa bókina út fyrir jólin sama ár. Eins og svo oft þegar maður á sér einhvern draum eða markmið sem maður vill framkvæma þá tekst það ekki í fyrstu tilraun, en þá er svo mikilvægt að leggja ekki árátt og gefast upp, heldur að endurskilgreina markmiðið eða drauminn sem við eigum. Í okkar tilviki var það tímaramm inn sem var algjörlega óraunhæfur, en að gefa út dagbók fyrir jólin og byrja á henni í október með enga reynslu eða þekkingu á því sviði, er algjörlega galið. Í staðinn fyrir að leggja árátt settum við nýjan tímaramma; að gefa hana út ári seinna, í stað þess að hugsa að okkur hefði mistekist. Þá allt í einu varð markmið okkar um að gefa út þessa bók raunhæft, þótt það hefði á sama tíma verið krefjandi.“

Það var auðvitað mikið út fyrir öryggisrammann okkar að leggja af stað í þetta ferðalag og við óttuðumst fjölmargt sem tengdist því að gefa þessa bók út. Hvað ef enginn kaupir dagbókina og hún er algjör tímaskekkja á snjallöldinni sem við lifum á? Hvað ef það væru nú vitleysur í henni? Og svo lengi mætti telja. En það er það besta við það þegar maður stígur út fyrir öryggishring sinn að þá gerist oft eitthvað magnað. Þess vegna er svo mikilvægt að leggja óttann til hliðar og þora að kýla á hlutina. Í stað þess að hugsa; hvað ef þetta klúðrast?, viljum við snúa hugsuninni við og spyrja; hvað ef þetta fer bara nákvæmlega eins og mig dreymir um og gangi bara sjúklega vel? Ef við temjum okkur þess konar hugsunarhátt og hættum að óttast mistök sem eru hluti af lífinu, erum við miklu líklegri til að láta vaða. Í þessu tilfelli seldist bókinn upp á fjórum dögum og við fórum í nýtt prent. Við höfum gefið hana út árlega síðan og erum að selja hátt í tíu þúsund bækur á ári, svo við vorum sannarlega ekki einar um það að elska dagbækur. Við



Mikilvægt að leggja ekki árátt í bát

- Ákvað í hvatvísi að búa til dagbók
- Lífið tók stakkaskiptum með betra skipulagi

höfum verið að reyna að koma henni að á erlendum mörkuðum og erum á hverju ári að stækka á því sviði, en það er mikil þolinmæðisvinna og við ætlum okkur að halda áfram, en þar liggja helstu tækifæri okkar til stækkunar. Við elskum þó að sjá hvað við erum komnar með sterkan hóp hérna heima sem notar bókina ár eftir ár

og er að hjálpa okkur í að móta hana og betrubæta.“

Algengustu mistökin að láta draumana ekki rætast

Þóra lýsir dagbókinni sem hefðbundinni þótt sérstafa hennar felist í að auðvelda fólki markmiðasetningu, tímastjórnun og að efla

jákvæða hugsun á einfaldan og árangursríkan hátt. „Það er ótrúlega mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir mikilvægi þess að setja okkur markmið sjálf, þá fyrir okkur en ekki bara vinnutengd. Ef maður hefur ekkert markmið í persónulegu lífi má segja að maður sé stefnulaus, eða hafi ekki sýn á hvert mann langar að fara, gera eða upplifa



Í staðinn fyrir að hugsa; hvað ef þetta klúðrast?, viljum við snúa hugsuninni við og spyrja; hvað ef þetta fer bara nákvæmlega eins og mig dreymir um og gangi bara sjúklega vel?

um. Erla er sálfræðingur og með doktorsgráðu í líf- og læknavísindum og svo kem ég úr allt annarri átt, sem kemur sér vel í verkefni eins og þessu, en svo sameinumst við í þessari miklu ástríðu fyrir skipulagi, tíma- stjórnun, markmiðasetningu og í raun í vinna í því að láta drauma okkar rætast. Við höfum haldið okkur við útgáfu á dagbókinni síðustu ár og það að reyna að koma henni á markað erlendis, en það er þolinmæðisverkefni sem stækkar þó alltaf með hverju ári. Við höfum verið síðustu ár að vinna þetta samhliða annarri vinnu og öðrum verkefnum, en erum að gefa aðeins í núna, árið 2020, með því að gefa út nýjar MUNUM-vörur sem eru væntanlegar á næstu vikum og mánuðum.“

Tíminn það mikilvægasta sem við eigum

Og Þóra viðurkennir að líf hennar hafi tekið stakkaskiptum eftir að hún hóf að skipuleggja tíma sinn betur. „Ég afkasta mun meiru á styttri tíma en ég næ líka að halda utan um drauma mína og markmið og reyna á markvissan hátt að láta þá verða að veruleika. Það er svo mikilvægt að skipuleggja tímann vel, ekki síst til að hafa tíma til að gera það sem okkur finnst skemmtilegt og það sem nærir okkur. Öll eigum við það sameiginlegt að hafa jafn margar klukkustundir í sólarhringnum og að við höfum ekki endalausán tíma. Það þekkja allir eitthvert fólk sem virðist hafa fleiri klukkustundir í sólarhringnum en aðrir, en það fólk á það yfirleitt sameiginlegt að skipuleggja tíma sinn og markmið vel og veit þannig hvert það er að fara. Við verðum því að taka tímann alvarlega, því hann er það mikilvægasta sem við eigum og eitt því fáa í þessum heimi sem fæst ekki fyrir peninga. Veitum honum athygli og þælingu aðeins í hvað tíminn okkar fer í. Við vinnum 1.500–2.000 klukkustundir á ári, en erum við ánægð í þeirri vinnu sem við erum í? Verjum tíma í það sem nærir okkur andlega og líkamlega en ekki bara skyldur og það sem við verðum að gera? Verjum tíma með fólki sem gefur okkur orku en tekur hana ekki frá okkur. Oft hættir okkur til að umgangast fólk af vana eða skyldurækni. Ég mæli svo innilega með því að fólk velti þessu fyrir sér. Við Erla erum einmitt að bjóða upp á námskeið nú í febrúar þar sem við munum fara yfir alla þessa þætti og fá fólk til að leggja línurnar fyrir árið og svo auðvitað framtíðina, ná tökum á betra skipulagi og tímastjórnun og hvetja fólk til að leyfa sér að dreyma og kýla á það sem það langar til að gera. Hægt er að lesa meira um það á munum.is ef einhver hefur áhuga á því, en Meistaramánuður er að ganga í garð um helgina og því gott tækifæri til að reyna að verða eins góð útgáfa af þér og hægt er.“ ■

í lífinu og lendi því hugsanlega oft í aðstæðum sem maður kaus ekki endilega sjálfur. Eða maður upplifir að maður framkvæmdi aldrei það sem löngunin stóð til í lífinu. En þegar fólk er spurt að því á dánarbedinum hverju það sæi mest eftir í lífinu þá er algengasta svarið að viðkomandi hafi varið of miklum tíma í vinnu eða aldrei látið drauma sína

verða að veruleika. Við erum svo ótrúlega oft að bíða, bíða eftir rétta tækifærinu eða hinum fullkomna tíma til að láta draumana rætast. En þessi fullkomni tími á silfurfati kemur sjaldnast og því þurfum við að sjálf að búa til tímann og aðstæðurnar til að láta þessa hluti verða að veruleika.“

Sjálf lýsir Þóra verkferlinu sem lærdóms-

ríku þar sem stöllurnar renndu blint í sjóinn og þurftu því að læra frá grunni allt sem fólst í því verkefni að gefa út bók. „Þetta á aðallega við um allt sem varðar uppsetningu og hönnun, en til að lágmarka alla áhættu við verkefnið ákvað ég að læra að gera það sjálf og hef séð um uppsetningu og hönnun á dagbókinni sem og öðru efni sem við ger-

MYND: EYÞÓRA ÁRNASON

Við viljum franskar, sós' og salat

■ Góð sósá er gulls ígildi ■ 5 sósur sem hitta beint í mark

Með góðri máltíð er afar mikilvægt að hafa góða sósá sem passar réttinum sem er á boðstólnum. Hér eru nokkrar sósáuppskriftir sem gætu komið sósuhugmyndafluginu af stað og kynnt lesendum undraheiminn sem sósan býður upp á.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Bjór- og cheddar-sósá

- 2 msk. smjör
- 3 msk. hveiti
- 240 ml nýmjólk
- 160 ml bjór
- 2 tsk. Worcestershire-sósá
- 1/2 tsk. Dijon-sinnep
- 1/2 tsk. hvítlauskrydd
- 1/4 tsk. reykt paprikukrydd
- 1/4 tsk. salt
- 250 g cheddar-ostur, rifinn

eina mínútu. Blandið restinni af hráefnunum saman við, einu í einu og hrærið vel. Takið af hellunni og berið fram heita því hún er ekkert sérstaklega góð köld, en geymist í ísskáp í um viku. Þessi sósá er góð með alls kyns snarli, nýbökðu pretzel-brauði eða í taco.

Bræðið smjör í meðalstórum potti yfir meðalhita. Bætið hveiti saman við og þeytið þar til þykknar, eða í um eina mínútu. Bætið mjólkinni varlega saman við og þeytið vel þar til sósan þykknar, í um



Chimichurri

- 1 bolli ferskt steinselja
- 1 bolli ferskt kóríander
- 1 msk. ferskt oreganó
- 1/2 bolli laukur, saxaður
- 3 hvítlaugsgeirar
- 1–2 msk. sítrónusafi, helst nýkreistur
- 2 msk. rauðvínsedik
- salt og pipar eftir smekk
- 1/2 tsk. chili-flögur
- 1/2 bolli ólífuolía

Setjið allt nema ólífuóluna í matvinnsluvél og blandið vel þar til allt er orðið þokkalega smátt saxað. Bætið ólífuólunni varlega saman við og blandið vel. Berið strax fram eða geymið í ísskáp. Þessi sósá á uppruna sinn í Argentínu og passar einstaklega vel með grilluðu kjöti. Þá er hún mjög góð í marineringu.



Aioli

- 1 egg
- 3 hvítlaugsgeirar
- 1 msk. sítrónusafi
- 1 tsk. Dijon-sinnep
- 1/2 tsk. salt
- 1/2 bolli grænmetisólía
- 1/4 bolli ólífuolía

Setjið egg, hvítlauk, sítrónusafa, sinnep og salt í matvinnsluvél og blandið vel saman. Hafið matvinnsluvélina í gangi og bætið grænmetisólunni varlega saman við í þunnri bunu. Bætið síðan ólífuólunni saman við á sama hátt. Berið fram með til dæmis kartöflubátum, kjöti eða nánast hverju sem er eða geymið í ísskáp í eina viku.

Skotheld hamborgarasósá

- 1/2 bolli mæjónes
- 2 msk. tómatsósá
- 1 tsk. Dijon-sinnep
- 1 tsk. eplaedik
- 1 hvítlaugsgeiri, smátt saxaður
- 1/2 tsk. paprikukrydd
- 1/2 tsk. laukkrydd
- 1/4 tsk. svartur pipar

Setjið öll hráefni í skál og blandið vel saman. Kælið í eina klukkustund og njótið úrvalsútgáfu af okkar gömlu, góðu kokteilsósá.



Hunangslegin barbeque-sósá

- 1 bolli tómatsósá
- 1/2 bolli púðursykur
- 1/4 bolli eplaedik
- 2 msk. hunang
- 1 tsk. salt
- 1 tsk. paprikukrydd
- 1 tsk. hvítlauskrydd
- 1 tsk. laukkrydd
- 1/2 tsk. svartur pipar

Setjið öll hráefnin í pott og þeytið. Eldið yfir meðalhita þar til blandan sýður, lækkið þá hitann og látið malla í korter. Leyfið sósunni að kólna áður en hún er borin fram, en þessi geymist í tvær vikur í ísskáp og passar með alls kyns mat – allt frá rifjasteik til blómkálsvængja.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á HANDUNNIN OG KLÆDSKERASKORIN KARLMANNSBELTI ÚR HÁGÆÐA LEÐRI. ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF AXLABÖNDUM.



BELTI FRÁ
5.990 KR.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á
SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF ÞESS
MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA
FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937
HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ
VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER
ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG
VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.



AXLARBÖND FRÁ
4.990 KR.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ
REYKJAVÍK
— SÍÐAN 1937 —

SÍÐUMÚLA 33 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI: 551 6659 / WWW.LVR.IS

Spáð í stjörnuvísingunum

Lesið í tarot Loga

Gullslægin velgengni

Fjölmíðlamaðurinn Logi Bergmann Eiðsson komst í hann krappan í vikunni og vakti upp úlfúð þeirra Íslendinga sem búsettir eru á Spáni. Logi er þekktur fyrir hispurslausa framkomu en DV ákvað að leggja tarot fyrir Loga og rýna í spilin. Lesendum DV er bent á að þeir geta dregið tarotspil á vef DV.

Jarðtenging

Fyrsta spilið sem kemur upp hjá Loga er Myntás. Logi hefur í auknum mæli leitast eftir því að ná jarðtengingu og innri ró. Það hefur reynt honum vel og hefur hann skilið rótleysi og óstöðugleika eftir í fortíðinni. Friður er í hjarta hans og þessum frið fylgir góðmennska og náungakærleikur í meira mæli. Hann leitast við að hjálpa náunganum og kann að meta umhverfi sitt mikið betur. Með ró og frið kemur meiri þörf fyrir líkamlega snertingu, en Logi þarf að hlusta á langanir sínar og leyfa sér að njóta tilverunnar.

Fastur í rútinu

Svo er það 4 bikarar. Þótt einkalífið sé í blóma finnst Loga hann vera fastur í

rútinu utan heimilisins. Það er ekki gott fyrir mann eins og hann og nær hann ekki að þroskast ef hann er fastur í sömu förnum daginn út og inn. Logi þarf samt að læra að meta það sem hann á og upplifir, staldra við hér og þar og líta yfir farinn veg og allt það góða sem hann hefur gert. Hann þarf samt á breytingu á halda, en þarf ekki að örventa í þeim efnum.

Óviðjafnanlegt tækifæri

Loks er það Keisarinn. Stöðuhækkun sem tengist starfi Loga eða nýtt starf er fram undan og afar spennandi. Hann stendur frammi fyrir tækifæri sem birtist sjaldan og þarf að kanna möguleika framtíðarinnar gaumfæfilega. Skipulag og hægkvæmni mun leiða Loga að settu marki næstu misseri. Það er þó merkilegra að nú kemur náungakærleikurinn sér vel því velferð náungans kemur Loga lengra en hann hafði óráð fyrir. Spennandi tímar eru á næsta leiti og verður velgengnin gullslægin. ■



Afrekspar fjölgar sér - Svona eiga þau saman

Afreksparið Frederik Aegidius og Annie Mist Þórisdóttir eiga von á sínu fyrsta barni. Von er á krílinu þann 5. ágúst og því lék DV forvitni á að vita hvernig Frederik og Annie Mist eiga saman, ef litid er til stjörnumerkjana.

Frederik er krabbi en Annie Mist er meýja og því er þetta samband afar sterkt og jarðbundið. Þetta samband getur orðið sífellt betra með hverju árinu en bæði merki eru mjög öguð og drifin áfram af því að ná sem lengst, á hvaða sviði sem er.

Meýjan og krabbin eru einlæglega trú hvort öðru, enda hvorugt merki hannað til að eiga í léttvægum ástarsamböndum. Bæði þessi merki þurfa sterka og sanna ást og einsetja sér að láta þá ást lifa ævina á enda. Þau virða hvort annað afar mikið og þó að sambandið hafi hugsanlega farið hægt af stað þá hefur það styrkst jafnt og þétt.

Krabba og meýju er sama um allt sem er yfirborðskend og búa bæði merkin yfir sterkri réttlætiskennnd. Þau kunna vel við hið efnislega en geta eingöngu notið þess ef þau hafa unnið fyrir því. Þau vilja sko ekkert gefins. Það eina sem getur valdið kergju í þessu sambandi er ef gagnrýni meýjunnar fer fyrir brjóstið á hörundsára krabbanum. Krabbin þarf hins vegar að skilja að það er í eðli meýjunnar að benda á það sem hún sér og það má aldrei taka gagnrýni hennar persónulega. ■



Annie Mist
Fædd: 18. september 1989

Meýja

- metnaðarfull
- traust
- góð
- vinnubjarkur
- of gagnrýnin
- feimin

Frederik
Fæddur: 11. júlí 1987

Krabbi

- hugmyndaríkur
- þrjóskur
- traustur
- með mikinn sannfæringarkraft
- óöruggur
- skaphundur

Afmælisbörn vikunnar

- **9. febrúar** Egill Ólafsson, söngvari og leikari, 67 ára
- **9. febrúar** Ólafur Páll Torfason „Ópee“, 36 ára
- **11. febrúar** Viktoría Hermannsdóttir fjölmiðlakona, 33 ára
- **11. febrúar** Sigríður Hagalín Björnsdóttir sjónvarpskona, 46 ára
- **12. febrúar** Ingólfur Sigurðsson knattspyrnumaður, 27 ára
- **14. febrúar** Haukur S. Magnússon tónlistarmaður, 39 ára
- **15. febrúar** Margeir Pétursson skákmeistari, 60 ára

Stjörnuvísingunum vikunnar

Gildir 9.–15. febrúar

Hrútur - 21. mars–19. apríl

Þú fyllist miklum innblæstri eftir smá ládeyðu í lífinu. Þú sest við tölvu eða tekur þér minnisbók í hönd og skrifar niður markmið af miklum eldmóð. Þú ert afar drifandi þessa dagana og hrifur fólk með þér, sem er afar mikilvægt þegar maður vill ná markmiðum sem eru afar háleit.

Vog - 23. sept.–22. október

Þú nærð að koma svo miklu í verk, enda ertu búin/n að læra hvernig þú getur nýtt tíma þinn sem best og hefur losað þig við leiðinlega ávana í leik og starfi. Þú þarft samt að varast að taka of mikið að þér, sem er afar mikilvægt þegar maður vill ná markmiðum sem eru afar háleit.

Naut - 20. apríl–20. maí

Það er ekki nóg að bara láta sig dreyma – það þarf líka að framkvæma svo draumarnir geti ræst. Þú nærð að vinna alls konar fólk á þitt band og nærð fullum tökum á listinni að spinna í kringum þig tengslanet. Þú veist nákvæmlega hvað þú þarft að gera til að koma hugmyndunum þínum í framkvæmd og ert komin/n með rétta fólk til verksins.

Sporðreki - 23. október–21. nóvember

Leyfðu listamanninum innra með þér að leika lausum hala – hann fær ekki svo oft að fara út að leika. Þú ert svo skapandi, en mundu að til þess að skapa af heilum hug þarf maður að henda öllum fordómum og fyrirfram ákveðnu hugmyndunum út um gluggann. Annars nær maður ekki árangri.

Tvíburi - 21. maí–21. júní

Það leynist lítill uppreisnarseggur í þér þessa dagana og þú neitar að láta setja þig í fyrirfram ákveðna stærð af formi. Þú vilt blómstra, rasa út og klæða þig í ögrandi klæðnað og það fær þig ekkert eða enginn stoppað. Þú fylgir hjartanu sem aldrei fyrr og það hefur afar góða hluti í för með sér.

Bogmaður - 22. nóvember–21. desember

Nú þarftu að taka á honum stóra þínum og hreinsa loftið á milli þín og manneskju sem stendur þér afar nærri. Það er ekkert vit í að eyða ævinni í að pirra sig á hlutum sem eru orðnir alltof stórir í hausnum þínum, því þú hefur ekkert rætt þá. Grafðu stríðsöxina og haltu áfram með lífið.

Krabbi - 22. júní–22. júlí

Þú hefur engan húmor fyrir fólk sem ræðst inn í þitt persónulega rými án þess að gera boð á undan sér. Þú vilt hafa þitt fyrir þig og engan annan og berst með kjáfti og klóm fyrir því. Það er ekki oft sem þú ert ekki til í glens og stuð en þessa vikuna viltu helst vera ein/n með hugsunum þínum og löngunum.

Steingeit - 22. desember–19. janúar

Þú ert klár og skemmtileg/ur og þessir eiginleikar verða til þess að þú verður hrókur alls fagnaðar í veiðu sem haldin verður bráðlega. Í þessari veiðu hittir þú manneskju sem þú munt bindast ævilöngum vinaböndum. Það kemur þér á óvart, því þú hittir ekki oft fólk sem skilur þig fullkomlega.

Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Þú ert nýbúin/n að taka stóra ákvörðun sem þú ert fyrstu varst ánægð/ur með. Síðan fara að renna á þig tvær grímur og efinn lætur á sér kræla. Þú skalt hlusta á efan, hann kemur ekki að ástæðulausu. Getur verið að þú hafir verið að loka augnum fyrir sannleikanum? Því fyrr sem þú horfist í augu við hann, því betra.

Vatnsberi - 20. janúar–18. febrúar

Fjármálin eru í fyrirrími þessa vikuna, en það er alls ekki leiðinlegt. Þig dreymir stóra drauma en nú er komið að því að taka þessa drauma úr höfðinu, setja þá niður á blað og búa til fjárhagsáætlun um hvernig þú ætlar að ná þeim. Loksins verða fjármálin skemmtileg því það er fátt skemmtilegra en að láta draumana rætast.

Meýja - 23. ágúst–22. sept.

Vá, meýja! Þú ert í svaka stuði þessa dagana. Þér finnst eins og þú sért að losna við hlekki og sért loksins frjáls! Þú ferð út á meðal fólks og nýtur þess í fyrsta sinn í langan tíma. Þú skapar rými til að hitta alla sem þú elskar og gerir góðverk hægri, vinstri. Þetta er góður tími fyrir þig meýja og þú skalt muna hvernig tilfinning þetta er.

Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Þú ert að spá í að fara út í eigin rekstur en þú ert í basli með að finna hvað er svona sérstakt við þig. Af hverju ætti fólk að velja þig? Það er ágætt að velja slíku fyrir sér við og við en það er einnig mikilvægt að fara ekki gegn eigin sannfæringu – mundu það vel.

Páskuferðir

Costa Blanca

ALICANTE • BENIDORM • CALPE • ALBIR • TORREVIEJA



Verð frá kr.
109.995



Flug frá kr.
69.900

báðar leiðir m/tösku



Verð frá kr.
123.995



**BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

BENIDORM
7. APRÍL Í 10 NÆTUR

Hotel Dynastic ***

FRÁ KR. 109.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
123.995 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Hálf tæði.

ALBÍR
7. APRÍL Í 10 NÆTUR

Albir Playa Hotel & Spa ****

FRÁ KR. 119.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
142.970 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður.

TORREVIEJA
7. APRÍL Í 10 NÆTUR

Hotel Playas de Torrevieja ***

FRÁ KR. 128.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
145.295 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður.

CALPE
5. APRÍL Í 12 NÆTUR

Sutiopia Hotel ****

FRÁ KR. 169.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
207.685 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður.

ALTEA
7. APRÍL Í 12 NÆTUR

Hotel Cap Negret ****

FRÁ KR. 149.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
173.245 m.v. 2 fullorðna

Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður.

ALICANTE
5. APRÍL Í 12 NÆTUR

Hotel Maya Alicante ***

FRÁ KR. 174.995
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn
190.885 m.v. 2 fullorðna


Innifalið: Flug, Gisting, Morgunverður.


Þitt með fyrvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til breytinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

Helgarkrossgátan



					krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	ílát	2 eins	kvartar	glundur	fuglana
					galdra					
					bjánar					
					13	aur	hret			
					➡				verkur	
					týna	skáld				
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bónnuð	↓	tímabilið	her	sjá ís	10		sólguð lævis			sýnishorni
svellið						↑	4	kvendýr baktalar		
afundin								ánægð samtals		án afláts 2
aga								passa fyrirgefa		
brambolt			kuldi					sigti		
		tvístig	óhæf pilla					11		tvenna
	↓			2 eins		↑		spendýr tunna		
tortryggða						6		yfa		saggann
bein				áburður		8		2 eins borg		
	↓	fugl sprænuna						kostur oftar		nefin 3
hrjá			kæna	drykkur veisla				þramm pen		
		12	aldan 2 eins	7						samtök
	➡							2 eins tikkar		
brott	1							spendýrið ýkja	5	
	úldin		varðandi þvengur				tæp	málmur áhalð		beiskt
karldýrin								skap happ		
		grastoppur	9	agnúa						brall í bauk
stífu							púkar			
auð				lokaorð					2 eins	

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----

Sudoku

Auðveld

		1	9		6			5	
				7				1	
3		9	8				7	6	
		2	6	8			4	7	
7		4	2					3	
5		8	7	3			1		2
	2	7		6	8		9	1	3
9		5	3	4					
								5	

Erfið

				8					
7	3			9			5		1
	8	2						7	
								5	
	6	9	7				8		2
	7						6		
				4			1		
								4	6
5		4		3	1				

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is




FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Sigurður Scholten

Lausnarorðið var **HÓSTASAFT**

Sigurður hlýtur að launum bókinda Dag einn í desember



Í verðlaun fyrir gátu helgarbláðsins er bókin Hvað er í matinn?

Vinningsbók er hægt að nálgast á skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík

„Hvað er í matinn?“ er algengasta spurningin á mörgum heimilum. Hverdagsmaturinn er verkefni sem við stöndum frammi fyrir hvern einasta dag – að ákveða hvað eigi að matreiða, kaupa svo inn, undirbúa og elda, og bera matinn síðan á borð fyrir fjölskylduna.

Hér gerir Jóhanna Vigdís tillögur að einföldum, gómsætum og girnilegum réttum fyrir öll kvöld vikunnar. Margir réttanna eru undir ítölskum áhrifum, enda kom hún með fjölda hugmynda í farteskinu frá Flórens, þar sem hún sótti matreiðslunámskeið. Jafnframt hvetur hún alla til að taka þátt í baráttunni gegn matarsóun.

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir er þekkt fyrir að elda ljúffenga sælkerarétti og hefur áður sent frá sér tvær matreiðslubækur, Í matinn er þetta helst og Seinni réttir, auk þess sem hún hefur gert matreiðsluþætti fyrir sjónvarp.

HÖFUNDUR: JÓHANNA VIGDÍS HJALTADÓTTIR

EIRÍKUR
HAUKSSON

STEFANÍA
SVAVARSS

JÓHANNA
GUÐRÚN

EYBÓR
INGI

75

GUNNAR
ÞÓRÐARSON

7. MARS Í ELDBORG HÖRPU

Gunnar Þórðarson fagnar 75 ára afmæli í janúar 2020 og af því tilefni verður blásið til glæsilegra tónleika í Eldborg Hörpu þann 7. mars. Gunnar hefur átt einkar glæsilegan og farsælan feril sem laga og texta höfundur. Eftir hann liggja 830 lög og ein ópera, mikið af lögum Gunnars hafa fyrir löngu fest sig í sessi í Íslensku þóðarsálinni. Nægir þar að nefna lög eins og Bláu augun þín, Fyrsti kossinn, Við Reykjavíkur tjörn, Himinn og Jörð og þitt fyrsta bros.

Þessi lög ásamt fleirri dægurperlum Gunnars munu hljóma í Eldborg

MIÐASALA Á TIX.IS, Í MIÐASÖLU HÖRPU OG Í SÍMA 528 5050

Heimsferðir - bókaðu þína ferð á heimsferdir.is

T N Y D U G X R H M X V F Y H O Q W J
 Z P J P C B W R B F M S J J C E S P F E
 S W C T O Y M L I B O Ö H S Y I K N X R
 Ó W E T W I Z Ó X K L W I M J M T A I N
 L F Y H A C W S S S K I Q H Q S B D H Z
 A L Y E U A J M K J D L X W X F R Y O U
 R U K S F S E Y B O R G A R F E R D I R
 F G E S I G L I N G A R L N F R N S X K
 E L T U R D H O H R F D Y I D D X F L B
 R O Q F U U Y P N U T T F Ó L I B F Y M
 D H T F V N K J A P U Y A H K R L B N V
 I B E C C G N I M M E T S Í J K T A F J
 R R S S P T E N E R I F E N L G O P V A
 D F Y V T V A G H L G L E D I A K R E I
 G R F W E R Z S O K T G Q G C L T Í A R
 D G Z R I P Ö M E T A H V T E A R Í N M
 C U O E S P Á N N U T O N M N D A G I A
 V N D L R U L K D D W X G K G R U B Y U
 A A Q G F N C C W P A W C S U E S P L A
 M X O D R A G I N N I M J X S F N B G M

BORGARFERDIR
 FERDALAG
 FJÖLSKYLDUFERD
 FLUG
 GLEDI
 GOLF
 GRIKKLAND
 HEIMSFERDIR
 HREYFIFERDIR
 KÍNA
 LEIKUR
 MADEIRA
 MAROKKÓ
 MINNIGAR
 SIGLINGAR
 SPÁNN
 STEMMING
 STRÖND
 SÓL
 SÓLARFERDIR
 TENERIFE
 VERONA
 ÍTALÍA



Rekstrarumsjón

LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!



Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.


Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.

Daglegar eða reglulegar ræstingar.

Sérverkefni:

- Aðalhreingerningar
- Gluggaþvottur
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Steinteppe-, teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa og gluggaþrif
- Flutningaþrif

Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum. Í dag þjónustum við um 100 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu. Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.



Vaktsími allan sólarhringinn

Það er alltaf hægt að hafa samband við okkur ef óvænt verkefni koma upp.

Vaktsíminn er 8652425



Hafðu samband og fáðu tilboð í verkið



Frostagötu 4c 603 Akureyri
Símar: 4615232 / 8925232

Netfang: thrif@thrif.is
Veffang: www.thrif.is

YFIRHEYRSLAN

Davíð Óskar Ólafsson hefur undanfarin ár haslað sér völl sem einn af okkar fremstu kvikmyndaframleiðendum. Hann er metnaðarfullur, ákveðinn og óragur við að takast á við ný og krefjandi verkefni. Nýjasta verkefnið er að leikstýra og ætlar hann sér að gera meira af því í framtíðinni. Davíð Óskar er í yfirheyrslu helgarinnar.

Hvar líður þér best?

Heima er alltaf best, en mér finnst ekkert leiðinlegt að vera á ströndinni að slappa af.

Hvað óttastu mest?

Að eitthvað komi fyrir börnin mín.

Hvert er þitt mesta afrek?

Ég held að það sé að hafa náð að koma mér upp lífi þar sem ég er hamingjusamur. Að ég eigi yndislega fjölskyldu sem styður við bakið á mér og að ég sé að vinna við það sem ég elska.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Ég hef ekki unnið við neitt nema kvikmyndagerð sem er í raun stórfurðulegt starf. Hvert verkefni er öðruvísi og þú veist í raun aldrei við hverju er að búast.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

„I did it my way.“

Hvernig væri bjórin Davíð Óskar?

Hann væri örugglega léttur, ferskur og seiðandi.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

EKKI vera hræddur við að mistakast. Hræðsla við mistök er oft það sem stoppar mann af í lífinu.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Hengja upp og brjóta saman þvott.

Besta bíómynd allra tíma?

Þær eru margar og erfitt fyrir mig að velja á milli.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Að geta flogið. Mig hefur oft dreymt að ég gæti hlaupið og tekist á loft og ég man svo greinilega tilfinninguna við að fljúga, þó að það hafi bara verið í draumi. En ef það á að vera eitthvað raunhæft þá vildi ég búa yfir meiri þolinmæði, en ég er að vinna í því á hverjum degi.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Ætli það hafi ekki verið að stofna Mystery og vaða blint út í þennan bransa, en það hefur svo sannarlega verið áhættunnar virði.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

Það er ekki svo mikið orð eða frasar. Það fer kannski mest í taugarnar á mér þegar fólk tjáir sig án þess að vita um hvað það er að tala.

Hvað geturðu sjaldnast staðist eða ert góður í að réttlæta að veita þér?

Ég er algjör nammigrís. Ég á erfitt með að narta ekki í eitthvað á kvöldin.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Ég ætla að reyna að slappa aðeins af á næstunni. Síðasta ár var massíft þar sem ég frumsýndi Brot á RÚV og síðan kvikmyndina Gullregn í janúar. En ég er alltaf að vinna, þannig að samhliða því að slappa af þá er ég að þróa og fjármagna næstu verkefni mín.



et VERSLUN

Mikið úrval af kösturum og aukaljósum
fyrir allar gerðir bíla

Pollux9
LEDSON





Já iðnaðarmenn gjaldprotá í þriðja sinn

Já iðnaðarmenn verkstæði ehf. hefur verið tekið til gjaldprotaskipta. Framkvæmdastjóri og prókúruhafi fyrirtækisins er Jóhann Jónas Ingólfsson, þekktur kennitölufلاكkari og glæpamaður. Hann var eigandi Já iðnaðarmanna sem fór í þrot fyrst 2017 en hóf umsvifalaust aftur starfsemi á nýrri kennitölu. Árið 2018 fór fyrirtækið aftur í þrot á nýrri kennitölu en hóf umsvifalaust aftur starfsemi á enn einni kennitölunni, þá fyrir Já iðnaðarmenn verkstæði ehf. Á síðasta ári stofnaði Jóhann enn eina kennitöluna, nú undir nafni Málning Múr og Meira ehf. Jóhann Jónas hefur margsinnis komist í kast við lög. Meðal þeirra brota sem hann hefur verið sakfelldur fyrir eru nauðgun, þjófnaður og eiturlyfjasmýgl. Nýlega hefur honum verið gefið að sök að hafa brotið gegn iðnaðarlögum með því að hafa ófaglærða starfsmenn í vinnu hjá Já iðnaðarmönnum og launþjófnað gagnvart starfsmönnum sínum.



Skírð í höfuðið á ömmum sínum

Dóttir tónlistarkonunnar Þórunnar Ernu Clausen og knattspyrnumannsins Olgeirs Sigurgeirssonar fékk nafn um síðustu helgi.

Stúlkan sem er fædd í janúar fékk nafnið Hrefna Margrét í höfuðið á ömmum sínum. Erna greindi frá þessu á Instagram á miðvikudag. Hrefna er fimmta barnið í fjölskyldunni en Erna á tvo syni úr fyrra sambandi og Olgeir á einnig tvö börn úr fyrra sambandi. DV óskar Hrefnu litlu til hamingju með nafnið.



Hver lagahöfundur fær hálfa milljón

Lagahöfundar sem taka þátt í Söngvakeppni RÚV í ár fá greiddar 500 þúsund hver. Söngvarar fá greiddar rúmlega 100 þúsund krónur auk greiðslu fyrir flutning á lokakvöldinu.

Tíu lög keppa til úrslita í Söngvakeppninni í ár en keppnin fer fram á tveimur undanúrslitakvöldum, þann 8. og 15. febrúar.

Alls munu 19 manns flytja lög in í Söngvakeppninni í ár. Sjö lög hafa einn flytjanda, eitt lag hefur tvo flytjendur og þá eru tvö lög flutt af hljómsveit, annað af fjórum einstaklingum og hitt af fimm. Þá eru sex af flytjendum einnig titlaðir sem höfundar lags.

Í samtali við DV segir Rúnar Freyr Gíslason, fjölmiðlafulltrúi og verkefnastjóri

Söngvakeppninnar, að RÚV greiði fyrir keppnina með ýmsu móti, ýmist til höfunda og flytjenda beint, eða með öðrum hætti. Höfundar laganna fá greiddar 500 þúsund krónur samtals; 400.000 krónur þegar þeir skiluðu laginu inn í nóvember og það sem eftir stendur að keppni lokinni. Um verktakagreiðslur er að ræða. „Þessar 500.000 krónur eru hugsaðar sem greiðsla upp í kostnað þátttakenda vegna stúdíóleigu og upptökustjóra og búninga og einnig utanumhald og framkvæmdastjórn atriðis.

Að auki greiðum við svo öllum listamönnum sem koma fram í upptökunni á laginu, söngvurum og hljóðfæraleikurum, samkvæmt taxa sem unninn var í samráði við FÍH. Þessar tölur eru allt frá rúmum 35.000 krónum, fyrir leik

á eitt hljóðfæri, og upp í rúmar 110.000 krónur, fyrir sólósong.

Við greiðum svo öllum listamönnum sérstaklega fyrir að koma fram í keppnunum. Bakraddir, dansarar og söngvarar fá allir greitt fyrir framkomuna, 55.000–112.000 krónur.“

Rúnar Freyr tekur fram að RÚV greiði allan kostnað sem tengist atriðunum á sviðinu, svo sem leikmuni, sviðsmynd, ljós og grafík. Þá greiðir RÚV leikstjóra og raddþjálfara sem aðstoða keppendur.



Á FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

Allt að sjötíu prósentu afsláttur af sýningarvörum

Síðustu dagar - enn betra verð.

HANS J. WEGNER, ARNE JACOBSEN, BERGE MOGENSSEN, PHILIPPE STARCK, ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

